

 HÚSGAGNA
HÖLLIN

SUMAR ÚTSALA



Allt að

60%

afsláttur

Reykjavík
Bíldshöfði 20

Akureyri
Dalsbraut 1

Ísafirði
Skeiði 1

 HÚSGAGNA
HÖLLIN



CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga.

Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt Rivera eða Soft áklæði. Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

Dökk- eða ljósgrátt Rivera áklæði
143.992 kr. ~~179.990 kr.~~

Dökk- eða ljósgrátt Soft áklæði
159.992 kr. ~~199.990 kr.~~


SUN

Vandaður, fagur og tímalaus

3ja sæta sófi frá Furninova. Hann færst ljósgrár og ljós beige. Slitsterkt Azure áklæði. 17 cm

dökkir járnfætur. Í pullum

er þéttur, kaldpressaður svampur sem dúar mátulega og yfir honum mjúk trefjafylling. Stærð: 199 x 78 x 93 cm



40%
AFSLÁTTUR

F furninova

107.994 kr.
~~179.990 kr.~~

20%
AFSLÁTTUR



RIMINI

Flottur sófi sem færst í 2,5 og 3ja sæta í sinnepsgulu eða brúnu velúrálkæði með djúpa, samlita hnappa í baki. Sófinn hefur sterka, svarta járnfætur. Fyrir betri endingu er svampurinn í innra byrði sófanna kaldpressaður. Retró útlit.

2,5 sæta, stærð: 176 x 90 x 72 cm
87.992 kr. ~~109.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 216 x 90 x 72 cm
95.992 kr. ~~119.990 kr.~~



50%
AFSLÁTTUR

VISION

Tungusófi í svörtu leðri, vinstri tunga. Innra byrði púðanna er úr kaldpressuðum svampi en efsta lag hans er sérlega mjúkt. Virkilega kósí sófi, einnig fást hnakkapúðar fyrir enn meiri þægindi. Stærð: 294 x 170 x 84 cm

199.995 kr.
~~399.990 kr.~~



F furninova

40%
AFSLÁTTUR

TRACY

Glæsilegur hornsófi frá Furninova úr steingráu, slitsterku áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Stálfætur. Stærð: 267 x 240 x 78 cm

239.994 kr.
~~399.990 kr.~~

VENICE

Glæsilegur sófi. Þéttur með baki sem styður vel við. Fæst í bláu eða gráu, slitsterku sléttflaueli og í svörtu savoy/split leðri (þykkt en mjúkt ekta leður á öllum slitflötum). Fáanlegur 2ja og 3ja sæta og stóll.

2ja sæta leður: 156 x 85 x 89 cm
167.992 kr. ~~209.990 kr.~~

3ja sæta leður: 184 x 85 x 89 cm
215.992 kr. ~~269.990 kr.~~




20%
AFSLÁTTUR

2ja sæta sléttflauel
103.992 kr. ~~129.990 kr.~~

3ja sæta sléttflauel
151.992 kr. ~~189.990 kr.~~

Stóll sléttflauel
91.992 kr. ~~114.990 kr.~~

Stóll leður
127.992 kr. ~~159.990 kr.~~



Fáar umsóknir um útgreiðslu séreignar

Hlutfallslega fáir virðast vera að nýta sér úrræði stjórnvalda um útgreiðslu séreignarsparnaðar. Tölur um umsóknir benda til þess að umsækjendur séu að sækja um heldur lágar fjárhæðir.

LÍFEYRISMÁL „Þetta er varhuga-vert því séreignarsparnaðurinn er hugsaður sem eftirlaun. Miðað við þessar tölur virðast þeir sem eiga lítinn séreignarsparnað helst vera að taka hann út,“ segir Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða (LL), um útgreiðslu séreignarsparnaðar. Tímabundin heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar er meðal þeirra úrræða sem stjórnvöld hafa lögfest sem viðbrögð við efnahagsáhrifum COVID-19. Samkvæmt heimildinni sem lögfest var á Alþingi í lok mars, getur hver einstaklingur að hámarki fengið tólf milljónir greiddar úr séreign sinni.

Fréttablaðið leitaði upplýsinga hjá lífeyrissjóðum og öðrum vörsluaðilum séreignarsparnaðar, um nýtingu úrræðisins. Svör bárust frá aðilum sem samtals ræða yfir rúmlega 80 prósentum af heildareign séreignardeildanna.

Þessum aðilum hafa borist rúmlega átta þúsund umsóknir um útgreiðslu séreignarsparnaðar. Til samanburðar voru virkir samningar um séreignarsparnað tæplega 155 þúsund í árslok 2018. Heildarfjöldi samninga var rúmlega 555 þúsund, sem skýrist af því að sami aðili getur átt séreignarsparnað á mörgum stöðum.

» Rúmlega átta þúsund umsóknir um útgreiðslu bárust stærstu vörsluaðilum séreignarsparnaðar.

Ekki fengust svör um þær heildarfjárhæðir sem óskað hafði verið útgreiðslu á hjá öllum aðilum. Miðað við svörin sem bárust virðist þó ljóst að langflestar umsóknir séu umtalsvert undir hámarkinu.

Þannig var meðaltal umsókna hjá Gildi lífeyrissjóði aðeins tæpar 400 þúsund krónur, en stór hluti umsækjenda er ekki lengur með virkan samning. Meðaltalið hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna er tæplega 800 þúsund krónur og örlítið hærra hjá Stapa.

Hjá LSR er meðalfjárhæðin um 1,7 milljónir og rúmar tvær milljónir hjá Almenna lífeyrissjóðnum. Frá Landsbankanum og Íslenska lífeyrissjóðnum fengust þau svör að um tveir þriðju umsókna væru upp á innan við milljón og aðeins tvö til þrjú prósent upp á sex milljónir eða meira.

Samkvæmt upplýsingum frá Landssamtökum lífeyrissjóða fengu rétt tæplega tvö þúsund einstaklingar greiddan séreignarsparnað í apríl, en heildarfjárhæðin var um 920 milljónir. – sar / sjá síðu 8

Gangi lengra í hagræðingu

VIÐSKIPTI Þrátt fyrir að stjórnendur Icelandair Group hafi samið við stóran hluta flugstétta félagsins um allt að 25 prósentu kostnaðarhagræðingu, er hætt við því að flugfélagið verði eftir sem áður ekki að fullu samkeppnishæft við keppinauta sína þegar kemur að launakostnaði, að mati sérfræðinga og hluthafa félagsins, sem Markaðurinn ræddi við.

Forsvarsmenn British Airways áforma sem dæmi að segja upp meirihluta starfsfólks félagsins til þess að geta ráðið það aftur á allt að helmingi lægri kjörum, að sögn breska stéttarfélagsins Unite.

– kij / sjá síðu 12

Góð laxveiði fram undan

VEIÐI Flestar laxveiðiárnar verða opnaðar nú í byrjun júní. Formaður Landssambands veiðifélaga spáir góðu laxveiðisumri í ár.



Jón Helgi Björnsson

„Það fór sterkur seiðaárgangur út í fyrra og vorið var bara nokkuð gott um allt land,“ segir Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga. Hlýr sjór hefur haft góð áhrif. – ókp / sjá síðu 8




Maður býður öndum og mávum upp á sannkallaða brauðveislu við Tjörnina í Reykjavík í gær. Þótt mávurinn sé áberandi má finna talsvert margar fuglategundir á Tjörninni, þar á meðal sex andategundir. Í fyrra dvaldi þar flórgoði í maimánuði, sem hefur hugsanlega týnt boðskortinu í veisluna í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

- Hagkvæm matarkaup
- Heitar og ilmandi
- Ljúffengar og næringarríkar
- Án allra rotvarnarefna



1944
MATUR FYRIR
SJÁLFSTÆÐA
ÍSLENDINGA

Veður



Suðlæg átt 5-10 og dálítill rigning síðdegis, en bjartviðri og hiti að 17 stigum á Norðaustur- og Austurlandi. **SJÁ SIÐU 28**



Ópióíðar eru algengustu ofskömmtnarefnin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Dauðsföll vegna ofskömmtnar aukast á Íslandi

HEILBRIGÐISMÁL Dauðsföllum vegna ofskömmtnar fjölga á Íslandi, samkvæmt samnorrænni rannsókn sem Daninn Kirsten Wiese Simonsen leiðir. Er þau nú 6,58 á hverja 100 þúsund íbúa á ári. Hlutfallið er hæst á Íslandi en Svíþjóð kemur þar skammt á eftir. Aðeins í Danmörku og Noregi hefur hlutfallið lækkað síðan sambærileg rannsókn var gerð árið 2012, en samanlagt hefur verkefnið staðið yfir í 30 ár.

» 6,58 af hverjum 100 þúsund Íslendingum deyja úr of stórum skammti á ári.

Á Íslandi eru ópióíðar algengustu ofskömmtnarefnin líkt og á hinum Norðurlöndunum, en ekki skilgreint nákvæmlega hvaða efni. Í Svíþjóð og Noregi er það heróín, methodone í Danmörku og buprenorphine í Finnlandi.

Þó að ópióíðar séu þau algengustu kemur einnig fram að ofskömmtnarir órvandi lyfja, svo sem kókaíns og MDMA, séu á uppleið.

Í þessum mánuði var frumvarp Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra um neyslurými samþykkt. Þá var nýverið byrjað að ávísa Naloxoni, lyfi gegn ofskömmtnun, hér á landi. – khg

Stúdentsefni stytta sér stundir



Útskriftarnemar úr Fjölbrotaskólanum í Garðabæ gerðu sér glaðan dag í gær. Skömmu fyrir brautskráningu er síður að grímuklæðast og að þessu sinni urðu bandarískir fangabúningar fyrir valinu. Tveir nemendur ákváðu að lyfta sér á kreik og klifruðu upp á styttna af Ingólfi Arnarsyni á Arnarhóli. Hvað landnámsmanninum fannst um gjörninginn skal ekki segja, en þeir virðast hafa fangað athygli hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kosningarnar verða 27. júní

FORSETAKOSNINGAR Dómsmálaráðuneytið staðfesti í gær með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu að forsetakosningar munu fara fram laugardaginn 27. júní næstkomandi.

Tveir verða í kjöri, þeir Guðni Th. Jóhannesson, sitjandi forseti, og Guðmundur Franklín Jónsson. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla er þegar hafin hjá sýslumönnum um land allt og hjá sendiráðum, sendiskrifstofum og kjöræðismönnum erlendis.

Á höfuðborgarsvæðinu verður fram til 14. júní, að hvítasunnudegi og öðrum í hvítasunnu undanskildum, hægt að greiða atkvæði á fyrstu hæð í Smáralind. Frá og með 15. júní bætast við kjörstaðir á annarri hæð Smáralindar og undir stúkunnari á Laugardalsvelli.

Kosningarnar verða níundu almennu forsetakosningarnar en Sveinn Björnsson, fyrsti forseti lýðveldisins, var kjörinn af Alþingi þann 17. júní 1944. – sar

Beið af sér faraldurinn á Borgarfirði eystri

Bryan Billy ætlaði að vera í viku á Íslandi og skoða norðurljósinn ásamt kærustu sinni. Hann hefur nú verið á Borgarfirði eystri í rúma tvo mánuði og beið af sér kórónaveirufaraldurinn. Hann segir heimamenn taka sér vel.

COVID-19 „Planið var að vera á Íslandi í viku, en svo breyttist allt og ég er búinn að vera hérna í rúma tvo mánuði,“ segir Bryan Billy, atvinnuþókerspilari frá Bandaríkjunum.

Bryan fór í byrjun mars með kærustu sinni, Rebecu, í ferðalag um Evrópu sem fól í sér vikudvöl á Íslandi. Bryan ílengdist þó í ferðinni og hefur hann nú beið af sér kórónaveirufaraldurinn á Borgarfirði eystri.

„Rebecu dreymdi um að sjá norðurljósinn svo við komum hingað til þess. Svo skall faraldurinn á og hún fór aftur heim til sín, en hún býr í Kosta Ríka,“ segir Bryan. Það var ekki auðvelt fyrir Rebecu að komast heim, en þegar hún stefndi á heimferð seinni hluta marsmánaðar höfðu ýmsar ferðatakmörkanir verið settar á.

„Þarna var allt að breytast og það var erfitt að fá svör frá flugfélögunum. Þetta gekk ekki alveg eins og þetta átti að ganga, svo hún þurfti að biða hér í sólarhring áður en hún komst heim,“ segir hann.

Bryan stefndi á að fara til Taílands en gat ekki hugsað sér að skilja Rebecu eftir á Íslandi. Landmæri Taílands voru á þessu tíma við það að lokast og erfitt var að komast þangað svo hann tók þá ákvörðun að vera hér lengur.

„Ég fann hús á Airbnb, sem var staðsett á Borgarfirði eystri, sem ég gat fengið á góðu verði svo ég sló til. Síðan þegar sá leigusamningur rann sitt skeið var mér bent á íbúð til leigu hér og ég skellti mér á hana, svo ánægður er ég hér,“ segir Bryan.

Að sögn Bryans er hann alinn upp í Boston en hefur búið víða, til að mynda í Kosta Ríka, New York og Las Vegas.



Bryan Billy kann einstaklega vel við sig á Borgarfirði eystri.

Rebecu dreymdi um að sjá norðurljósinn svo við komum hingað.

Bryan Billy



svæðinu,“ segir Bryan og bætir við að fótboltahæfileikar hans séu þó ekki miklir. „Ég er vanur að spila amerískan fótbolta en þau sýna mér mikla þolinmæði.“

Bryan stefnir á að fara aftur heim til Bandaríkjanna á næstu vikum.

„Það er búið að vera dásamlegt að vera hérna og við munum koma aftur til að sjá norðurljósinn betur, skoða fleiri staði og borgina. Það er viðkunnanlegt fólk alls staðar, en mín upplifun er sú að hinn almenni Íslendingur er einstaklega viðkunnanlegur,“ segir Bryan sem kveður svefninn hjá sér reyndar í smárugli vegna birtunnar.

„Það var mun meira myrkur þegar ég kom í mars en núna er bjart fram á nótt, verður eiginlega aldrei alveg dimmt. Þetta er ótrúlega falllegt en mjög nýtt fyrir mér.“

birnadrofn@frettabladid.is

MIKIÐ ÚRVAL Á LAGER

Parket dagar

ALLIR VINNA

ALFABORG
- síðan 1986 -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

blómaval

FYRIR
ÞIG



33%

Stjúpur
10 stk.

Þú velur, blandaðir litir
eða einlitað í bakka.

999 kr

1.490 kr

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxi. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Héngilóbelía
Minni.

25%

1.490 kr
1.990 kr



33%

Blómakonfekt
Minni.

1.990 kr
2.990 kr



50%

Margarita
Margir litir.

999 kr
1.990 kr



HÚSASMÍÐJAN

Sláttuvélar

20%

afsláttur

af öllum sláttuvélum
og orfum

Hefst í dag



Gildir ekki af 1kra sláttuvélum



Sigurjón ásamt lögmanni sínum.

Mál Sigurjóns og Elínar endurupptekin

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur hafnað kröfu ákærvaldsins um frávisun á endurupptöku mála þeirra Sigurjóns Árnasonar, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans og Sigríðar Elínar Sigfúsdóttur, fyrrverandi forstjóra fyrirtækjasviðs bankans.

Elín og Sigurjón voru bæði sakfelld í Hæstarétti fyrir markaðsmisnotkun árið 2016.

Endurupptökunefnd féllst á beiðni þeirra um endurupptöku með vísan til þess að draga mætti óhlutdrægni dómarsins Viðars Más Matthiassonar í efa, vegna umtalsverðrar hlutafjäreignar hans í Landsbankanum sem tapaðist við fall bankans árið 2008.

Í febrúar kváð Mannréttindadómstóll Evrópu upp áfellingdóm gegn ríkinu í máli Elínar með þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið á rétti hennar til réttlátrar málsmeðferðar. – áá

Öllum sagt upp

VINNUMARKAÐUR Öllum hundrad flugumferðarstjórnunum sem stýra umferð um íslenska flugstjórnarsvæðið fyrir Isavia ANS, dótturfélag Isavia, var sagt upp störfum í gær. Verður þeim boðinn nýr ráðningarsamningur með skertu starfshlutfalli í takt við minnkandi flugumferð.

Gripið hafði verið til uppsagnanna eftir að niðurstaða náðist ekki í viðræðum Isavia ANS við Félag íslenskra flugumferðarstjóra.

Mikill samdráttur hefur verið í flugumferð á flugstjórnarsvæðinu vegna COVID-19 faraldursins og ferðatakmarkana sem gripið hefur verið til víða um heim. Hafa tekjur félagsins verið um 10 til 20 prósent af því sem þær eru í venjulegu áferði. – eþa

Heimavistir í Reykjavík geti komið niður á landsbyggðinni

Sérfræðingur í byggðamálum telur varhugavert að byggja upp heimavistir fyrir framhaldsskólanema í Reykjavík, án þess að huga að heildarmyndinni. Námsárin stýri að stórum hluta framtíðarþúsetu fólks og þar sem skortur sé á iðnmenntuðu fólki á landsbyggðinni dragi þessi uppbygging úr búsetumöguleikum.

MENNTAMÁL Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri, setur spurningarmerki við áætlanir um að koma upp heimavistum fyrir framhaldsskólanema í Reykjavík. En sérstaklega er horft til iðngreina í því samhengi. Þóroddur, sem var áður stjórnarformaður Byggðastofnunar, segir að byggja þurfi upp iðngreinanám á landsbyggðinni.

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti í febrúar síðastliðnum að koma heimavist á koppinn, í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Er ráðuneytið um þessar mundir að þreifa fyrir sér með könnunum til foreldra framhaldsskólanema.

Bendir Þóroddur á að í upphafi hafi verið einn menntaskóli í landinu, en síðan hafi verið byggðir upp skólar á framhaldsskólastiginu úti um allt land, með því markmiði að nemendur gætu áfram búið í heimabyggð. Samfara því hefur nemendum á heimavistum fækkað.

„Skólarnir á landsbyggðinni hafa byggt upp samstarfsnet byggt á nútímaaðferðum, svo sem fjar-kennslu, til að vinna gegn fámenninu,“ segir Þóroddur. „Iðn- og verknámið hefur hins vegar setið á hakanum, að hluta til af því að það er dýrara.“

Utan höfuðborgarsvæðisins eru tveir verknámsskólar, á Akureyri og í Neskaupstað, en fab lab-stöðvar eru einnig á nokkrum stöðum. Sumar greinar er aðeins hægt að læra á höfuðborgarsvæðinu og námið þannig uppbyggt að nemendur búi á ákveðnum stað að staðaldri.

„Við þurfum að huga að því hvort við viljum styrkja verknámið með samstarfi úti um allt land,“ segir Þóroddur og nefnir að verklegt hjúkrunarfræðinám á Akureyri sé kennt í lotum. „Það er því vel hægt að vera búsettur á Ísafirði í hjúkrunarfræðinámi. Við höfum ekki hugsad út í sveigjanleika varðandi verknámið í samstarfi við þær stofnanir sem til eru.“

Samkvæmt Þóroddi er skortur á verkmenntuðu fólki á landsbyggðinni en atvinnulífið þar þurfi sérstaklega á verkmenntuðu fólki að halda. Einnig að rannsóknir sýni að búseta á námsárum hafi mikil áhrif á framtíðarþúsetu. Um þriðjungur háskólanema af landsbyggðinni snýr heim fimm árum eftir útskrift.



Iðnnám í dag byggir á því að nemendur séu á staðnum og að staðaldri. FRÉTTABLAÐID/GVA

Við þurfum að hugsa þetta stórt og heildrænt fyrir landið allt. Við skulum ekki fara aftur til ársins 1950.

Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri



En 75 prósent fjarskólanemenda eru enn í heimabyggð á sama tíma. „Þetta virkar líka í hina áttina, því Reykvíkingar sem koma til Akureyrar í staðarnám, eru ólíklegir til að snúa aftur,“ segir Þóroddur. Námsárin eru mótandi ár og fólk að koma sér upp samböndum og eignast börn.

„Ef við ákveðum að byggja allt iðnnám upp í Reykjavík, munu fleiri iðnmenntaðir búa þar áfram. Við þurfum því að hugsa þetta stórt og heildrænt fyrir landið allt. Við skulum ekki fara aftur til ársins 1950.“

Aðspurður um val nemenda seg-

ist Þóroddur alls ekki mótfallinn því, og ekki heldur að byggðar séu heimavistir í Reykjavík, ef hugað er vel að heildarmyndinni. „Það er besta mál ef fólk vill flytja suður, en ekki að það neyðist til þess sextán ára vegna þess að það vill fara í bifvélavirkjun.“

Segir hann að sömu lögmaðli gildi að einhverju leyti um hið bóklega nám einnig. Vissulega hafi framhaldsskólum fjölgað á landsbyggðinni. Meðal annars á Grundarfirði 2004 og Ólafsfirði 2010. En ef allt púðrið er sett í að auðvelda nemendum að stunda nám á höfuðborgarsvæðinu, dragi það úr valmöguleikanum að stunda nám í heimabyggð. kristinnhaukur@frettabladid.is

FERÐASTU UM ALLT ÍSLAND

Á ALVÖRU JEPPA MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIFI

JEEP® GRAND CHEROKEE

jeep.is

STADALBUNADUR M.A.:

- 3.0 V6 250 HÖ. DÍSEL, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- 570 NM TOG
- HÁTT OG LÁGT DRIF
- RAFDRIFIN LÆSING Í AFTURDRIFI
- LOFTPÚÐAFJÓÐRUN AÐ FRAMAN OG AFTAN
- HLÍFÐARPLÖTUR UNDIR VÉL, KÖSSUM OG SKIPTINGU
- BI-XENON LED FRAMLJÓS MEÐ ÞVOTTAKERFI
- RAFDRIFIN ÖPNUN Á AFTURHLERA
- ÍSLENSKT LEIDSÖGUKERFI
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ BILASTÆÐAÐSTÖÐ
- FJARLÆGÐASKYNJARAR AÐ FRAMAN OG AFTAN
- BLINDHORNSVÖRN

VERÐ FRÁ: 11.290.000 KR.

BÍLL Á MYND: JEEP. GRAND CHEROKEE OVERLAND 33" BREYTTUR

NOKKIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU



7 ára ábyrgð framleiðanda
á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.is

Ert þú klár í ferðasumarið?

Kia býður veglegan ferðaglaðning með
Sorento, Sportage og Niro.

SPORTAGE



Kia Sportage tilboðsverð:

5.990.777 kr.

Afborgun á mánuði 35.261 kr.***

SORENTO



Kia Sorento verð frá:

8.390.777 kr.

Afborgun á mánuði 49.532 kr.**

NIRO




Kia Niro tilboðsverð:

4.390.777 kr.

Afborgun á mánuði 25.941 kr.****

fánlegur sem



hybrid plug-in hybrid



The Power to Surprise

Ferðaglaðningur

Öllum nýjum Kia Sorento, Kia Sportage og Kia Niro fylgir veglegur ferðaglaðningur að verðmæti **350.000 kr.**

- Dráttarbeisli með ásetningu
- 10 náttu klippikort frá Icelandair hótelum

Klippikortið gildir fyrir 10x tveggja manna herbergi á Icelandair hóteli að eigin vali.
Settu saman ævintýraferð um Ísland fyrir þig og þína.



* Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefrit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.is/abrygd.*** m.v. 60% innborgun og lán til 84 mána. Verðrygging, ekstr. 4.95%. Heildargreidda er 9.269.161 kr. Aflæg. hlutf. ísl. skatt. er 6,17%.

**** m.v. 60% innborgun og lán til 84 mána. Verðrygging, ekstr. 4.95%. Heildargreidda er 6.619.060 kr. Aflæg. hlutf. ísl. skatt. er 6,21%.



Lif Magneudóttir, formaður ráðsins.

Ýmsir boltar á lofti um notkun á metangasi

UMHVERFISMÁL Starfsleyfisumsókn gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu, var lögð fram á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar í gær. Kostnaður við byggingu stöðvarinnar hefur farið langt fram úr áætlunum, sem hefur valdið því að sveitarfélögin sem eiga fyrirtækið hafa þurft að ábyrgjast frekari lánveitingar til félagsins.

Fulltrúar meirihlutans segja að moltan sem stöðin framleiði verði fyrsta flokks og metan fari brátt í sölu.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Miðflokks lögðu fram bókun, þar sem lýst var yfir áhyggjum af því að rekstrargrundvöllur stöðvarinnar væri brostinn, því engin eftirspurn væri eftir metangasi sem framleiða á í stöðinni og selja. Þá væri mikil óvissa um gæði moltu sem yrði framleidd í stöðinni, en markmið Sorpu með því að framleiða þá afurð er að minnka urðun sorps verulega.

Þá vísaði minnihlutinn í umfangsmikla umfjöllun Stundarinnar um málefni Sorpu í síðustu viku. Þar var haft eftir þýskum sérfræðingum að tæknin sem gas- og jarðgerðarstöðin hygðist nota og keypt væri frá danska fyrirtækinu Aikan A/S byggðist á úreltri tækni.

Örlög sambærilegrar verksmíðu í Elverum í Noregi, þeirrar einu utan Danmerkur sem Aikan hefur átt þátt í að reisa, urðu þau að stöðin varð gjaldþrota, án þess að komast nokkurn tímann almennilega í gang og kostaði skattgreiðendur norska sveitarfélagsins stórf.

Fulltrúar meirihlutans í Reykjavík brugðust ókvæða við þessum fullyrðingum og létu færa til bókar harðort andsvar. Í því kemur fram að minnihlutinn hafi haldið fram rangfærslum sem ekki standist skoðun og byggist á staðlausum ávirðingum. Allt að 15 þúsund tonn af moltu sem stöðin mun framleiða verði fyrsta flokks og að öllum líkindum seld til landgræðslufélaga. Þá fari metanið fljótlega í sölu og ýmsir boltar séu á lofti varðandi nýtingu þess. – bp

Mest ánægja með Katrínu en minnst með Kristján

STJÓRNMÁL Mesta ánægja mælist með störf Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra af öllum ráðherrum ríkisstjórnarinnar, samkvæmt þjóðarpólusi Gallup. Áberandi mest óánægja er hins vegar með störf Kristjáns Þórs Júlíussonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Alls reynast um 59 prósent ánægð

Um 62 prósent eru óánægð með störf Kristjáns Þórs.

með störf forsætisráðherra, 20 prósent eru hvorki ánægð né óánægð og um 21 prósent óánægð. Næstflestir eru ánægðir með störf Lilju Alfreðs-

dóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, eða 54 prósent.

Þá eru um 46 prósent ánægð með störf Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, og Svandísar Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra. Ánægja með störf annarra ráðherra mælist á bilinu 34 til 43 pró-

sent, en aðeins tíu prósent eru ánægð með störf Kristjáns Þórs.

Óánægja með störf Kristjáns Þórs mælist um 62 prósent. Næst koma Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra, en um 35 prósent eru óánægð með störf þeirra. – sar

Ellefu þotur Icelandair skráðar á félag sem var afskráð í fyrra

Samgöngustofa og Icelandair segja það ekki skapa vanda að ellefu þotur á vegum flugfélagsins séu opinberlega skráðar á félag sem lagt var niður fyrir fimm mánuðum. „Það sem út af stendur eru ákveðnar staðfestingar erlendis frá,“ segir upplýsingafulltrúi Icelandair. Von sé á þessum gögnum á næstu dögum.

FLUGMÁL Ellefu þotur Icelandair hafa í rúmlega fimm mánuði verið skráðar í eigu félagsins Airco ehf. sem var afskráð 19. desember við samruna við Icelandair.

Í lögum um loftferðir segir að ef eigendaskipti verði á loftfari eftir skrásetningu skuli eigandinn tafarlaust tilkynna Samgöngustofu um breytinguna og leggja fram nauðsynlegar skýrslur og skilríki. Þótt Airco ehf. hafi verið afskráð í desember síðastliðnum er félagið í loftfaraskrá enn sagt vera eigandi ellefu þotna sem Icelandair hafi til umræða.

Þórhildur Elínardóttir, upplýsingafulltrúi Samgöngustofu, segir í svari til Fréttablaðsins að breyting á skráningu umræddra véla í loftfaraskrá tengist samruna Airco og Icelandair og að hún hafi „staðið yfir um tíma,“ hjá Samgöngustofu.

„Þó svo samruna félaganna sé lokið í félagaréttarlegum skilningi hjá RSK, þá gerir Samgöngustofa kröfu um skil á tilteknum gögnum svo unnt sé að gera breytingar á eignarhaldi í loftfaraskrá, í samræmi við ákvæði laga um loftferðir. Gagnaskil og frágangur breytinga í því sambandi er nú á lokametrunum,“ segir Þórhildur og bætir við að upphaflega hafi verið um fleiri vélar að ræða sem hafi verið skráðar á nýjan eiganda, Icelandair. „Málið er því í ferli og verður lokið fljótlega.“

Ásdís Ýr Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir að Samgöngustofu hafi verið tilkynnt tafarlaust um samruna Airco og Icelandair. „Og hefur Icelandair staðið skil á öllum gögnum vegna hans til Samgöngustofu. Það sem út af stendur eru ákveðnar staðfestingar erlendis frá sem von er á á næstu dögum,“ segir í svari frá Ásdísi.



Drjúgur hluti flota Icelandair er enn skráður á félag sem hefur ekki verið til frá því í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gagnaskil og frágangur breytinga í því sambandi er nú á lokametrunum.

Þórhildur Elínardóttir, upplýsingafulltrúi Samgöngustofu



Þá ítrekar Ásdís að Airco ehf. hafi nú þegar verið sameinað Icelandair ehf., sem hafi því lögformlega tekið við öllum réttindum, skuldbindingum og eignum þess.

Nánar spurð hvaða gögn það séu

sem eigi eftir að skila svo eignarhald vélanna sé rétt skráð og hvaða ákvæða loftferðalaga hún vitni til, segir Þórhildur að sérstaklega sé vísað til þriðja kafla loftferðalaga og þá einkum 15. greinar. Í þeirri grein er meðal annars kveðið á um að leggja þurfi fram „nauðsynlegar skýrslur og skilríki“, eins og nefnt er hér að framan.

Varðandi hvaða gögn vanti vísar Þórhildur einfaldlega á sérstakt eyðublað Samgöngustofu þar sem talin eru í ellefu liðum þau gögn sem skila þurfi við breytta skráningu loftfars. Hún hafnar því að upplýsa hvaða gögn nákvæmlega hafi tafið skráninguna. „Tel að áður gefnar upplýsingar varðandi gagnaskil verði að duga,“ segir hún. Meðal

þess sem skila þarf samkvæmt eyðublaðinu er samþykki vedhafa fyrir eigendaskiptum og staðfesting á því að vélar séu tryggðar í samræmi við lög.

Spurð hvort slík röng skráning vélanna hindri að einhverju leyti notkun þeirra eða geti valdið vandamálum gagnvart váttryggingum segir Ásdís ekki svo vera.

Og Þórhildur tekur í sama streng aðspurð hvort þessar tafir séu ásættanlegar og hvort þær skapi vandamál. Samgöngustofa telji að gagnaskilin hafi verið með eðlilegum hætti og að ferlið hafi ekki skapað vanda. Það geti tekið tíma að ganga frá breytingu á opinberri skráningu í loftfaraskrá.

gar@frettabladid.is

Fimmtudaginn 11. júní gefur Fréttablaðið út sérblaðið

PEPSI MAX DEILDIN

Blaðamennirnir Benedikt Bóas og Hörður Snævar fara ofan í saumana á liðunum í knattspyrnunni. Fjármál liðanna krufin til mergjar og viðtöl við leikmenn.

Skemmtiefni í bland við alvarleika í flottu blaði um íslenska knattspyrnu.

Tryggðu þér auglýsingapláss í mest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins. Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

VÍTAMÍN- OG FÆÐUBÓTARDAGAR

DAGANA 28. MAÍ - 7. JÚNÍ



20%
afsláttur

20% afsláttur af öllum
NOW vítamínum



20%
afsláttur

20% afsláttur
af öllu frá Key Natura



20%
afsláttur

20% afsláttur
af öllu frá New Nordic



20%
afsláttur

20% afsláttur
af öllu frá Feel Iceland



30%
afsláttur

ä Bcaa nano eykur endurheimt
og uppbyggingu vöðva

2.799 kr/stk

Verð áður 3.999 kr/stk



20%
afsláttur

ä Protein Pancake

239 kr/stk

Verð áður 299 kr/stk



20%
afsláttur

One próteinstangir

311 kr/stk

Verð áður 389 kr/stk



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Sjónmælingar eru okkar fag



Tím pantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND · HAFNARTORG · KEFLAVÍK

KRONAN

Abra- kadabr ...
ANANAS!

DASS AF
TÖFRABRAGÐI



Hvert er þitt
töfraBRAGÐ?

f i g Afgreiðslutímar á www.kronan.is

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

HEILD: FRÉTTABLAÐIÐ, CALL UP: 011 2019, 12.80.80A, ALLT LANDIÐ HÖFUR TÖLUR: WWW.FRETTABLAID.IS



Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, rennir fyrir fisk í Norðurá í Borgarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Allar aðstæður fyrir góða laxveiði í sumar

Formaður Landssambands veiðifélaga spáir góðu laxveiðisumri. Vegna lélegrar laxveiði í fyrra megi ætla að seiðaárgangur frá síðasta sumri sé mjög sterkur. Lítið vatn í fyrra hafi gefið laxinum meira næði til að hrygna.

VEIÐI Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga, segist ætla að gerast svo djarfur að spá góðri veiði í ár. „Það fór sterkur seiðaárgangur út í fyrra og vorið var bara nokkuð gott um allt land,“ segir hann.

Fluguveiðimenn landsins er eflaust flesta farið að klæja í lófana af spenningsi að komast aftur út í árnað að reyna við fyrstu laxa sumarsins. Þá klæjar vonandi í hægri lófann en slíkt er auðvitað fyrirboði um gjöf, sem í þessu tilfalli þýddi án efa góð veiði. Allt útlit er einmitt fyrir að laxveiðin í sumar verði með betra móti og hafa fyrstu laxarnir þegar sést í ám landsins.

Flestar laxveiðiárnaðar verða opnaðar nú í byrjun júní og geta fluguveiðimenn á lax endurnýjað kynni sín við íslenska laxinn eftir vetrarlangan og erfiðan aðskilnað. Nú þegar styttest í að veiðin byrji er ekki útlit fyrir annað en að öll skilyrði fyrir góðu veiðisumri uppfyllist. Það er þó aldrei hægt að segja

En við höfum í raun fulla ástæðu til að ætla að það verði bara mjög góð veiði í sumar.

Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga



neitt með vissu þegar náttúran á í hlut.

Sumarið í fyrra var afar lélegt og höfðu laxveiðitölur sjaldan verið eins lélegar og þá. Miklum þurrkum og þar af leiðandi litlu vatni í ám landsins var þar helst um að kenna. En það má finna jákvæðar hliðar á flestu og það jákvæða við

vatnslitlar ár landsins síðasta sumar er það að laxinn fékk meira næði til að hrygna. Hann er þannig tregur til að taka fluguna þegar vatn er lítið, veiddist þar af leiðandi minna og hrygndi í staðinn óáreittur. Því segist Jón gera ráð fyrir að seiðaárgangurinn sem fór í sjóinn í fyrra hafi verið mjög sterkur.

Sjórinn varð einnig nokkuð hlýr í kringum landið í fyrra og segir Jón Helgi að þessi skilyrði séu góð fyrir seiðaárganginn. Því hafi eflaust nokkur fjöldi laxa komið í heiminn síðasta sumar og má búast við að þeir láti flestir sjá sig á fæðingarstöðum sínum, íslenskum ám, á næstu mánuðum.

„Það hefur verið soldið einkenni undanfarið að hér koma mjög djúpar lægðir og svo fari veiðin mjög hratt upp aftur. Það verða svona öfgar, sem er dálítið erfitt að skýra beint,“ segir Jón. „En við höfum í raun fulla ástæðu til að ætla að það verði bara mjög góð veiði í sumar.“
ottar@frettabladid.is

Heildareignir séreignardeildanna hafa rúmlega tvöfaldast frá árslokum 2008

LÍFEYRISMÁL „Við lýstum því yfir í umsögn okkar við frumvarpið að við værum almennt andsnúin þessari heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar. Auðvitað geta aðstæður verið þannig hjá einhverjum að þetta nýtist þeim. En við höfðum einmitt áhyggjur af því að þeir sem muni lenda í greiðsluferfðileikum séu þeir sem ekki eiga mikinn séreignarsparnað,“ segir Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

Hún segir samtökin almennt hvetja fólk til að kynna sér vel kosti þess og galla að nýta sér úrræðið. „Þessar greiðslur eru til að mynda skattlagðar við útgreiðslu en hægt er að nýta iðgjöldin skattfrjálst til að borga inn á húsnæðislað og við kaup á fyrstu fasteign.“

Heildareignir í séreignardeildum lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila hafa vaxið mikið á undanförunum



Þórey hvetur fólk til að kynna sér úrræðið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

árum. Samkvæmt tölum frá Fjármálaeftirlitinu var heildareignin um síðustu áramót tæplega 742 milljarðar króna. Í þá fjárhæð vantar tölur frá Allianz og Versicherungskammer Bayern en í árslok 2018 var samanlögð eign þeirra rúm 69 milljarðar.

» Heildareignir í séreignardeildum voru tæpir 742 milljarðar króna um síðustu áramót.

Í árslok 2008 voru heildareignir séreignardeildanna tæpir 367 milljarðar á verðlagi dagsins í dag sem þýðir að eignirnar hafa rúmlega tvöfaldast að raunvirði á þessum tíma.

Opnað var fyrir úttekkt séreignarsparnaðar í kjölfar hrunsins en fram til ársins 2015 voru alls tæplega 95 milljarðar teknir út miðað við verðlag hvers árs. Þá hefur frá árinu 2014 verið heimilt að nýta séreignarsparnað til að greiða inn á húsnæðislað. Fram til ársloka 2018 nam heildarumfang þeirra greiðslna tæpum 43 milljörðum á verðlagi hvers árs. – sar



HEIMILI GLUGGATJALDA Á ÍSLANDI

EINSTAKLEGA FALLEG OG VÖNDUÐ GLUGGATJÖLD
SEM GERA HVERT HEIMILI ENN FALLEGRA.

MYRKVUN, SCREEN, STRIMLAR, RIMLAR, VOAL, STÓRIS OFL OFL..

KOMDU TIL OKKAR, SKOÐAÐU ÚRVALIÐ OG FÁÐU RÁÐGJÖF.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Hatursglæpum fjólgar milli ára

ÞÝSKALAND Horst Seehofer, innanríkisráðherra Þýskalands, greindi frá því í gær að hatursglæpir hægrifögamaða hefðu aukist um rúm 14 prósent á síðasta ári. Alls voru framdir 41 þúsund glæpir af þessum toga, svo sem líkamásárásir, íkveikjur og morð.

Fylgst hefur verið með þróuninni síðan 2001 og er þetta næstmesta aukning sem orðið hefur á einu ári. Sagði Seehofer þetta sláandi tölur sem hefðu mikil áhrif á stöðugleika Þýskalands sem lýðræðisríkis.

Einstaka árásir hægrifögamaða hafa vakið mikinn óhug í landinu undanfarið. Nú síðast í febrúar þegar níu manns voru skotnir til bana á vatnspípukrá í borginni Hanau. Í október voru tveir myrtir í sínagógu í borginni Halle. – khg



Flaugin á að fara á loft á laugardag.

Geimskoti SpaceX og NASA frestað

VÍSINDI Geimskoti SpaceX og NASA frá Kennedy-geimflugstöðinni í Flórída í gær var frestað af öryggisástæðum. Ákvörðunin var tekin tæplega tuttugu mínútum fyrir skot þar sem veðurastæður þóttu ekki nógu góðar.

Ætlunin var að skjóta geimförunum Bob Behnken og Doug Hurley út í geim í Dragon-geimfarinu sem var áfast Falcon-9 eldflauginni. Geimfararnir áttu að fljúga til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar þar sem þeir myndu dvelja næstu mánuði.

Næsti gluggi fyrir geimskotið verður á laugardag. – atv



Ungir mótmælendur í Hong Kong í haldi lögreglu í gær. MYND/EPA

Hong Kong ekki lengur frjálst

BANDARÍKIN Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur tjáð Bandaríkjaþingi að Hong Kong sé ekki lengur með fulla sjálfstjórn frá Kína. Ákvörðun Pompeo getur leitt til þess að viðskiptasamningum Bandaríkjanna við Hong Kong verði breytt sem verði til þess að borgin hætti að leika stórt hlutverk á fjármálamörkuðum.

Ákvörðunin kemur í kjölfar þess að yfirvöld í Peking lögðu fram frumvarp sem bannar mótmæli í sjálfstjórnarhéraðinu. Hefur frumvarpið leitt til mikilla mótmæla í borginni sem hefur til þessa haldið takmörkuðu lýðræði og borgaralegum réttindum sem ekki eru í boði annars staðar í Kína, eftir að Kínverjar tóku við borginni af Bretum fyrir aldamót.

Sagði Pompeo að frumvarpið væri aðeins „nýjasta skrefið í átt að því að grafa undan sjálfstjórn Hong Kong og frelsi borgaranna“.

Til stendur að kjósa um frumvarpið í þessari viku. Hefur áformunum verið mótmælt víða. – ab

„Hættið að drepa svart fólk“



„Hættið að drepa svart fólk,“ segir á skilti mótmælenda sem tók þátt í fjölmennum mótmælum í Minneapolis í Minnesota í Bandaríkjunum í gær. Mikil reiði er eftir að myndband birtist af hvítum lögreglumanni stiga á háls George Floyd, svarts manns sem grunaður var um svik, við handtöku á mánudaginn. Floyd heyrðist segja í myndbandinu að hann gæti ekki andað. Hann lést síðar í haldi lögreglu. Málið er nú til rannsóknar. MYND/EPA

Twitter setti fyrirvara á Trump

Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur hótað því að setja strangar reglur eða jafnvel loka samfélagsmiðlum eftir að Twitter setti fyrirvara á færslu hans. Kosningastjóri hans segir aðgerðina pólitíska.

BANDARÍKIN Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur hótað því að setja strangar reglur eða jafnvel loka samfélagsmiðlum. Yfirlýsingin kemur í kjölfar þess að samfélagsmiðillinn merkti færslu frá honum með fyrirvara um að um ósannindi væri að ræða.

„Repúblikönnum finnst að samfélagsmiðlar þaggi alveg niður í röddum ihaldsmanna. Við munum setja strangar reglur eða loka þeim áður en við leyfum því nokkru sinni að gerast,“ sagði Trump í færslu á Twitter. Sagði hann einnig að Twitter væri með merkingunni að hlutast til um forsetakosningarnar sem fara fram í nóvember.

Fyrirvarinn sem um ræðir kemur í kjölfar gagnrýni á samfélagsmiðla um að leyfa ósannindum að grassera, þannig hafi fyrirtækin gert óþrúttum aðilum kleift að hafa áhrif á kosningar. Hafði Trump tíst að póstatkvæðum fylgdu kosningasvik og birti Twitter þá merkingu þar sem fólk var hvatt til að kynna sér staðreyndir um póstatkvæði.

Bæði Twitter og Facebook hafa verið treg til þess að beita sér gegn forsetanum.

Timothy Klausutis, ekill Lori Klausutis sem lést af slysförum fyrir



Donald Trump Bandaríkjaforseti hélt til Flórída í gær til að vera viðstaddur geimskot SpaceX, en hann á í finum samskiptum við Elon Musk. MYND/EPA

hátt í tuttugu árum, skrifaði bréf til Jack Dorsey, forstjóra Twitter, nýverið þar sem hann óskaði eftir því að miðillinn fjarlægði kenningar Trumps um að Joe Scarborough, þáttastjórnandi MSNBC, hefði myrt eiginkonu sína. Scarborough hefur

verið mjög gagnrýnnir á Trump. Hefur Trump sagt að dauði Lori Klausutis sé „mjög grunsamlegur“ og að það „þurfi að komast til botns í málinu“. Lögregla komst að þeirri niðurstöðu árið 2001 að ekkert sakennt hefði átt sér stað.

Samflokksmenn Trumps eru ekki sáttir við skrif hans um Klausutis. „Við erum í miðjum heimsfaraldri. Hann er leiðtogi þjóðarinnar og veldur fjölskyldu ungrar konu sem lést þjáningum,“ sagði Liz Cheney, þingmaður Repúblikana, við blaðamenn í gær.

Brad Parscale, kosningastjóri Trumps, sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hann lýsti vonbrigðum stjórnarinnar með útspil Twitter. „Við vissum alltaf að Silikondalur myndi ekki hika við að trufla og hindra að skilaboð Trumps forseta kæmust til kjósenda,“ sagði Parscale. „Það að stilla sér upp við hlið hlutdrægra fjölmiðla á „staðreyndavakt“ er aðeins bragð af hálfu Twitters til að reyna að gera sín pólitísku klækjabrógð trúverðug.“

Parscale vísaði til deilna Trumps við ýmsa forstjóra tæknifyrirtækja, sem mörg hver eru til húsa í Silikondal. Samkvæmt heimildum Vox eru fjórir stórir aðilar í Silikondal byrjaðir að leggja hönd á plóg fyrir Joe Biden, forsetaefni Demókrata. Er stóra verkefnið að útvega Demókrötum nógu mikið af upplýsingum til að hægt sé að beita kosningapeningum á hárréttum stöðum.

arib@frettabladid.is

Vill að Bretar einbeiti sér að öðru en Cummings

BRETLAND Robert Jenrick, félags- og húsnæðismálaráðherra Bretlands, hafnar kröfu um að Dominic Cummings, ráðgjafi forsætisráðherra, segi af sér. Cummings sætir harðri gagnrýni frá öllum stjórnarflokkum fyrir ferðalög á tímum útgöngubanns.

„Það þýðir ekki að þetta sé ekki mikilvægt mál, eða að fólk sé sama um það. Ég held að það sé margt annað sem við þurfum að einbeita okkur að núna,“ sagði Jenrick í viðtali við BBC.




Jenrick kom Cummings til varnar í gær. Stjórnin á undir högg að sækja.

Ég held að það sé margt annað sem við þurfum að einbeita okkur að núna.

Robert Jenrick, félags- og húsnæðismálaráðherra

Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, hefur gert lítið úr ásökunum gegn Cummings. Hann hefur sagt að hluti ásakananna eigi ekki við rök að styðjast en neitað að skýra hverjar þær eru.

Ríkisstjórn Johnsons á undir högg að sækja. Kannanir benda til að stuðningur við hana hafi fallið um níu stig. Þá hefur Keir Starmer leiðtogi Verkamannaflokksins mælt með meira fylgi en Johnson í fyrsta skipti. – atv



Ísland vill sjá þig í sumar

Bílabúð Benna gefur þér tækifæri til að kynna Íslandi betur í sumar og styðja við íslenska ferðþjónustu í leiðinni, með glæsilegum kaupauka sem fylgir með völdum notuðum bílum.

Bílabúð Benna
Notaðir bílar

Kaupauki með völdum notuðum bílum

Sjö nætur á Fosshótelum

með morgunverði. Verðmæti 210.000 kr.

Eldsneytiskort

að verðmæti 50.000 kr. frá Orkunni

Ævintýrapottur

Skráðu þig til leiks á notadir.benni.is
Vinningar dregin út á Bylgjunni



446198

Toyota Corolla Hybrid '19, ekinn 23 þús. km
Verð: 3.390.000 kr.



590598

SsangYong Tivoli '17, ekinn 64 þús. km.
Verð: 2.390.000 kr.



445801

SsangYong Korando '18, ekinn 42 þ. km.
Verð: 3.390.000 kr.



590486

Suzuki Vitara GLX '18, ekinn 64 þús. km.
Verð: 3.190.000 kr.



446196

Skoda Octavia '19, ekinn 54 þús. km.
Verð: 2.890.000 kr.



590717

Nissan Qashqai Tekna '19, ekinn 13 þús. km
Verð: 4.890.000 kr.



750142

Renault Captur '16, ekinn 46 þús. km.
Verð: 2.390.000 kr.



590684

Opel Grandland X '18, ekinn 49 þ. km.
Verð: 3.190.000 kr.



445307

Chevrolet Orlando '17, ekinn 61 þús. km.
Verð: 2.590.000 kr.



446199

SsangYong Rexton '14, ekinn 113 þús. km.
Verð: 2.590.000 kr.



720138

Opel Insignia St '17, ekinn 60 þús. km.
Verð: 2.990.000 kr.



445799

Opel Astra '18, ekinn 39 þús. km.
Verð: 2.990.000 kr.



446135

Toyota C-hr Hybrid '18, ekinn 60 þ. km.
Verð: 3.390.000 kr.



445632

Opel Mokka X '18, ekinn 40 þús. km.
Verð: 3.990.000 kr.



590716

Hyundai Ioniq Ev '18, ekinn 37 þús. km.
Verð: 3.490.000 kr.



446233

Dacia Duster '17, ekinn 62 þús. km.
Verð: 1.890.000 kr.



112738

SsangYong Tivoli '17, ekinn 61 þús. km.
Verð: 2.190.000 kr.



150501

Opel Astra St '17, ekinn 60 þ. km.
Verð: 2.290.000 kr.



750314

Nissan X-Trail Tekna '19, ekinn 49 þús. km.
Verð: 5.190.000 kr.



446186

SsangYong Rexton '16, ekinn 76 þús. km.
Verð: 4.390.000 kr.

Meira úrval á
notadir.benni.is



Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opnunartímar:
Virka daga 12-17

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

Bílabúð Benna
Notaðir bílar

MARKAÐURINN

Ganga þurfi enn lengra í hagræðingu

Keppinautar Icelandair Group hafa sumir gengið lengra í hagræðingu launa en íslenska félagið. Greinendur og hluthafar óttast að samkeppnishæfni félagsins verði áfram lakari en hjá mörgum keppinautum. Kostnaðargrunnur flugfélaga þarf að stórlækka.

Þrátt fyrir að stjórnendur Icelandair Group hafi samið við stóran hluta flugstétta félagsins um allt að 25 prósentu kostnaðarhagræðingu er hætt við því að flugfélagið verði eftir sem áður ekki að fullu samkeppnishæft við keppinauta sína þegar kemur að launakostnaði, að mati sérfræðinga og hluthafa sem Markaðurinn ræddi við.

Forsvarsmenn British Airways áforma sem dæmi að segja upp meirihluta starfsfólks félagsins til þess að geta ráðið það aftur á umtalsvert – allt að helmingi – lakari kjörum, að sögn breska stéttarfélagins Unite.

Viðmælendur Markaðarins úr hópi stærstu hluthafa Icelandair Group segjast hafa áhyggjur af því að samkeppnishæfni flugfélagsins verði áfram lakari en hjá helstu keppinautum félagsins, þrátt fyrir þá hagræðingu sem þegar hefur náðst í nýjum kjarasamningum þess við flugmenn og flugvirkja.

Er í því sambandi vísað til þess að svo virðist sem sumir keppinautanna, þar á meðal British Airways og Lufthansa, muni ganga enn lengra í hagræðingu á launakjörum starfsfólks.

Auk mikilla fjöldauppsagna, þeirra mestu í fluggeiranum á síðari árum, hafa stjórnendur flugfélaga heims reynt hvað þeir geta á síðustu vikum og mánuðum til þess að endursemja við starfsfólk um tugprósenta launalækkunir, minnkun starfshlutfalls eða launalaust leyfi, í því skyni að draga verulega úr kostnaði.

Forsvarsmenn Icelandair Group sömdu sem kunnugt er við flugmenn og flugvirkja fyrir í mánuðinum til fimm ára, en kjarasamningarnir fela einkum í sér aukid vinnuframlag af hálfu stéttanna. Þannig kom fram í erindi forstjórans Boga Nils Bogasonar á hluthafafundi félagsins síðasta föstudag, að flug tímum flugmanna yrði fjölgað um meira en fimm tung – úr 525 í allt að 640 á ári – þannig að þeir yrðu í samræmi við það sem gengur og gerist á meðal sambærilegra flugfélaga. Auk þess yrðu laun þeirra fryst til þriggja ára.

Er gert ráð fyrir að samningurinn skili sér í alls fjórðungslækkun á einingakostnaði flugmanna félagsins.

Kjaraviðræður Icelandair og Flugfreyjufélags Íslands eru, sem fyrr, í hnút.



Kjarasamningar Icelandair Group við flugstéttir félagsins miða að því að lækka einingakostnað þess um tuttugu til þrjátíu prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

25%

er lækkun á einingakostnaði flugmanna Icelandair samkvæmt nýjum kjarasamningi.

Ræður mestu um framtíðina

Eins og greint hefur verið frá í Markaðinum er samkeppnisstaða Icelandair gagnvart helstu keppinautum sínum, þá meðal annars einingakostnaður flugfélagsins, eitt af þeim atriðum sem stærstu lífeyrissjóðir í hluthafahópi félagsins skoða, ásamt ráðgjöfum sínum, fyrir fyrirhugað hlutfjárútbod þess í næsta mánuði.

Tekið var fram í nýlegu verðmati Capacent að launakostnaður flugfélagsins réði mestu um framtíð þess.

Einn viðmælenda Markaðarins bendir á að þrátt fyrir nýja kjarasamninga við flugstéttir sé útlit fyrir að einingakostnaður Icelandair verði áfram hár í alþjóðlegum samanburði. Önnur flugfélög, með lægri kostnaðargrunni, hafi einnig gengið langt og jafnvel enn lengra í hagræðingu launa til þess að bregðast við áhrifum kórónaveirunnar.

Flugfélög þurfi nauðsynlega að leita allra leiða til þess að draga úr kostnaði til þess að geta lagað sig að breyttri heimsmýnd. Þau muni til framtíðar litið þurfa að reka sig á lægri kostnaðargrunni en áður.

„Félagið verður áfram ósamkeppnishæft í launum á meðan það er íslenskt félag. Það gefur augaleið,“ nefnir annar greinandi um samkeppnishæfni Icelandair.

Ekki sé þar með sagt að flugfélagið geti ekki staðist samkeppnina á

flugmarkaði. Félagið geti nýtt sér aðra þætti sér í hag. Það bjóði til að mynda upp á eftirsóknarverða tengimöguleika í leiðakerfi sínu á Keflavíkurflugvelli.

Jafnframt þurfi að hafa í huga að arðbærustu flugfélög heims séu ekki þau sem greiði lægstu launin. „Almenn skynsemi“ þurfi að ráða för í kjarasamningum.

Buðu 45 prósentu lækkun

Viðbrögð flugfélaga við heimsfaraldrinum hafa falist að miklu leyti í tímabundnum neyðaraðgerðum sem hafa einkum miðað að því að stöðva útlæði lausafjár. Hins vegar er ljóst að þau munu þurfa að endurskipuleggja rekstur sinn til framtíðar og semja að nýju við starfsfólk á verri kjörum.

Fyrirnefndar aðgerðir British Airways felast til að mynda í því, að sögn stéttarfélagins Unite, að stórum hluta starfsfólks verður sagt upp og hann ráðinn aftur á allt að helmingi lægri launum. Stjórn-

endur flugfélagsins hafa áður sagst ihuga að segja upp nærri tólf þúsund manns.

„Við munum ekki láta það líðast að British Airways notfæri sér krísuna til þess að hrinda í framkvæmd áætlun um að skera niður störf, lækka laun og skerða réttindi,“ er haft eftir Len McCluskey, framkvæmdastjóra Unite, í breskum fjölmiðlum.

Fleiri flugfélög skoða einnig sársaukafullar aðgerðir af svipuðu tagi. Stjórnendur írsku laggjaldaflugfélagsins Ryanair hafa til dæmis í hyggju að segja upp fimmtán prósent af starfsfólki félagsins og lækka laun þeirra sem eftir verða um fimmtung.

Þá hafa forsvarsmenn SAS beðið starfsfólk um að taka á sig tuttugu prósentu launalækkun. Flugmenn hjá Lufthansa buðust enn fremur, að fyrra bragði, til þess að gefa eftir 45 prósent af launakjörum sínum til næstu tveggja ára.

kristinningi@frettabladid.is

Ívilnanir ferðaþjónustunnar ef illa tekst til

Notkun ríkissfjármuna til að aðstoða fyrirtæki getur haft skaðleg áhrif á samkeppni, með því að ívilna einu fyrirtæki umfram önnur. Það á til dæmis við um flugafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli, en ef ekki ríkir samkeppni á því sviði er hætt á að ný eða erlend flugfélög ákveði að keppa ekki á flugleiðum til og frá Íslandi.

Þetta kemur fram í umsögn eftirlitsstofnunarinnar um frumvarp til laga um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti. Þar áreittar eftirlitið mikilvægi þess að hugað sé að samkeppnislegum áhrifum þeirra nauðsynlegra aðgerða sem stjórnvöld eru að ráðast í til þess að styðja við íslenskt atvinnulíf vegna efnahagsferðleika afvöldum COVID-19.

„Meðal annars þarf að gæta að því að notkun ríkissfjármuna til að



Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ríki ekki samkeppni á þessu sviði er hætt á að flugfélög ákveði að keppa ekki á flugleiðum til og frá Íslandi.

Úr umsögn Samkeppniseftirlitsins

aðstoða fyrirtæki getur, ef illa tekst til, verið til þess fallin að raska og hafa skaðleg áhrif á samkeppni, ef ráðstöfunin ívilnar einu fyrirtæki eða fleirum umfram önnur,“ segir í umsögninni.

Samkeppniseftirlitið vísar til umsagnar Airport Associates um sama frumvarp, þar sem færð eru rök fyrir því að forsendur sem lagðar eru til grundvallar við stuðning úr ríkissjóði, geri það að verkum að aðstoðin standi fyrirtækinu ekki til boða með sama hætti og helsta keppinautum. Stofnunin tekur þó

fram að umsögn Airport Associates hafi ekki verið tekin til frekari skoðunar.

„Hins vegar liggur fyrir að samkeppni í flugafgreiðsluþjónustu á Keflavíkurflugvelli, hefur verulega þýðingu fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu á Íslandi. Ríki ekki samkeppni á þessu sviði er t.d. hætt á því að ný eða erlend flugfélög ákveði að keppa ekki á flugleiðum til og frá Íslandi,“ segir í umsögn eftirlitsins.

Tveir aðilar sinna flugafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli, Airport Associates og Icelandair. Í nýlegri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er meðal annars fjallað um flugafgreiðsluþjónustu á Keflavíkurflugvelli og kemur þar fram að hlutdeild Airport Associates sé um 30-35 prósent og hafi minnkað töluvert í kjölfar gjaldþrots WOW air, en hlutdeild Icelandair sé um 65-70 prósent. – pff



Gleðilegt sumar!

Á MÚRBÚÐARVERÐI



53.990

Kaliber
PREMIUM GRILL

Kaliber gasgrill
4 brenningar, (12kW)
Grillflötur 62x41cm



39.990

Kaliber Ferðagasgrill
2 brenningar (5kW)
Grillflötur 53x37cm

Kaliber gasgrill
3 brenningar (9kW).
Grillflötur 60x42cm

Prýsti-
jafnarar
fylgja
öllum
grillum



Lavor háprýstidæla NJ Plus 130
Orka Max: 1800W
Prýstingur Max: 130 bör
Vatnsflæði Max: 420 l/klst

14.990

Made by Lavor



Lavor háprýstidæla STM 160 ECO
Orka: 2500 W max
Hámarksprýstingur: 160 bör

31.885



44.985

MOWER CJ18
BS 3,5hp Briggs&Stratton
mótor, rúmtak 125 CC,
skurðarvídd 46cm/18".
Safnpoki að aftan 60 L,
skurðhæð og staða
25-80mm/10



28.985

Sláttuorfi Mow FBC310

Sláttuorfi: 1cylinder
loftkældur mótor. 0,7 kW
Rúmtak 31CC,
Stærð bensintanks 0,65 L



67.985

MOWER CJ20G
Sláttuvél m/drífi, Briggs&Stratton
mótor, rúmtak 150CC, skurðarvídd
51cm 20" Safnpoki að aftan
65L, hliðarútskilun.
Skurðhæð og staða
25-75mm/8



Pretul
Laufhrífa
765



Bensinbrúsi
m/stút - rauður 5 L

1.295



Hjólborur 80L

4.185

Truper haki
/tréskaft

2.735,-

Malarhrífa

1.995,-

2.190,-

2.490,-

2.390,-

2.695,-

2.295,-

1.990,-

1.790,-



Garðskafa
1.635,-



Strákústur m/stálfestingu
30cm breiður

895

Meister Slöngu-kerra

5.430



Meister
garðyfirbreiðsla
margar stærðir
verð frá

490

Creative Super Seal 5 litrar

11.990



25 litrar 28.985

Flottir blómapottar Mikið úrval
Verð frá 195 kr.



Blá Korn 5 kg

1.685



10 kg 2.635

Gróðurmold 20 l.

595



40 l kr. 1.095

Grasfræ 1 kg

1.235



Bíla/glugga
þvottakústur
3 metrar

3.497



Bíla & gluggaþvotta-
kústur, gegn um
rennandi 116>180cm,
hraðtengi með lokun

2.995



25 stk. 110 lítra ruslapokar 1.295
10 stk. 200 lítra ruslapokar 895
25 stk. 110 lítra flokkunarpokar 1.295
10 stk. 200 lítra flokkunarpokar 990



Pretul greinaklippur
995



Steypugljái
á stéttina
- þessi sem endist

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	SelHELLU 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

20m Meister
garðslanga með
tengjum

2.995



MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

BRILLERAÐU VIÐ GRILLIÐ Í SUMAR

CLATRONIC 25L KÆLIBOX

- Gert fyrir bæði 12V og 230V
- 25L rúmmál og tekur 2L flöskur
- Getur bæði kælt og hitað

9.995



WEBER HAMBORGARAPRESSA

- Fyrir 125g og 250g hamburgara

1.895

FYLGSTU MEÐ STEIKINNI ÚR SÍMANUM

WEBER IGRILL MINI KJÖTHITAMÆLIR

- Þráðlaus kjöthitamælir
- Bluetooth með 45 m drægni
- Smáforrit fyrir Android og Apple

7.495

WEBER GENESIS E-315 GASGRILL

- Vandað grill með lokuðum skáp
- Pottjárnsgrindur, BBQ kerfi
- Grillflötur: 68 x 48 cm, ryðfrí hliðarborð
- Rafstýrð kveikja og hitamælir í loki

139.995

EDA 12.480 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. LÁN A 0% VÖXTUM - ALLS 149.755 KR. - ÁHK 14%

FRÁBÆR GRILL SEM HÆGT ER AÐ TAKA MEÐ Í FRÍÐ



WEBER Q1200 GASGRILL M. HLIÐARBORÐI

- 2 ryðfrír brennari 2,64 kW/h
- Slanga fyrir einnota gaskút
- Innfellanleg hliðarborð
- Grillgrindur úr pottjárni

12.995

35.995

FÁÐU GRILLIÐ SAMSETT OG SENT HEIM

RTGGRILL

VERÐU ÞIG GEGN LÚSMÝINU



NEDIS 30CM BORÐVIFTA

- 30 cm í þvermál
- 3 hraðastillingar
- Snúningur og hallastilling

3.995

NEDIS UNIVERSAL TABLET HALDA Í BÍL

- Nedis spjaldtölvufesting í bíl
- Festir spjaldtölvu við gler
- Tekur allt að 12" spjaldtölvur

3.495

GERÐU BÍLFERÐINA EFTIRMINNILEGA



NEDIS HD BÍLMYNDAVÉL

- Hreyfiskynjari og Auto off
- 2.4" skjár, 720p upplausn á vídeói
- Bílfesting og hleðslutæki fylgir
- Einfalt að vista myndskaið

5.295

NEDIS BLUETOOTH FM SENDIR

- 12V tengi
- Bluetooth tenging
- 3,5mm snúra fylgir
- Fjarstýring fylgir

6.995

TAKTU KÖRFUNA MEÐ ÞÉR HVERT SEM ÞÚ FERÐ



ÁBEINS
Á ELKO.IS

LATITUDE 64° PROBASKET TRAINER FOLF KARFA

- Æfingarkarfa
- Viðurkennd Standard PDGA
- Auðvelt að færa til

11073

44.995



ÁBEINS
Á ELKO.IS

LATITUDE 64° SLIM FOLF TASKA

- Pláss fyrir 8 diska
- Hólf fyrir flösku
- Þægileg axlaról
- Hólf fyrir smáhluti

11700

3.995



ÁBEINS
Á ELKO.IS

LATITUDE 64° CORE FOLF TASKA

- Fyrir 18 diska + 2 líokinu
- Pláss fyrir aukahluti
- Vatnshelt efni
- Bólstrað bak og ólar

LA11697

9.995

ÁBEINS
Á ELKO.IS



BEX KUBB ORIGINAL COLOR KING KUBBALEIKUR

- Útileikur
- 10 turnar + 6 prik
- Poki fylgir

115110111

9.495

LEIKFÖNG OG SPIL Í ÚRVALI Á ELKO.IS

ÁBEINS
Á ELKO.IS



BEX RISA MIKADO SPIL

- 25 tréstangir
- Fyrir 5+ ára
- Útispil
- Fyrir 2+ leikmenn

11519030

5.995



FOLF DISKAR Í ÚRVALI Á ELKO.IS

Verð frá 1.495 kr.

ÁBEINS
Á ELKO.IS



LATITUDE 64° BYRJENDASETT

- 3 Retro Burst diskar
- Driver, Mid-range og Putter

LA11563

4.495



XIAOMI M365 HLAUPAHJÓL

- 250W, allt að 30 km drægni
- 25 km/klst. hámarks hraði
- Tvöfalt bremsukerfi
- Ljós að framan og aftan

X1003

59.995



KEMUR Í
3 LITUM

GENERIC SVIFBRETTI

- 36V og 2x350W mótur
- 10-15 km/klst. hraði
- 15 km drægni, 6,5" dekk
- 100 kg burðargeta, 15° halli

NIHBBBLUE NIHRRED NIHNBLACK

29.995

TAKTU GÓÐA STRAUMA MEÐ Í FRÍIÐ



12 LITIR
Í BÖÐI

JBL GO2 BLUETOOTH HÁTALARI

- Bluetooth og AUX tengi
- IPX7 vatnspólinn
- Allt að 5 klst. rafhlöðuending
- Hjóðnemi fyrir símtöl

JBLG02-

3.995



GOJI FERÐAHLEÐSLA

- 20.000 mAh (ca. 6x iPhone 11 hleðslur)
- 2x USB tengi
- LED skjár
- 20cm microUSB snúra

G6PB20K18

6.995



LIVALL HJÓLAHJÁL MUR M. HÁTALARA

- Stefnuhljós og fjarstýring
- Hátalari með hjóðnema
- Allt að 10 klst. rafhlöðuending

BH60SEBL

15.995

ELKO



Tjaldanesfjöll séð úr Arnarfirði á sumarnóttu. Kaldbakur til vinstri og Hyrnurnar sem líkjast indíánatjöldum fyrir miðri mynd. MYND/SANDRA DÖGG JÓNSÓTTIR.

Vestfirsku indíánatjöldin

Tómas Guðbjartsson hjartaskurð-læknir og náttúruunnandi og Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Arnarfirði má líkja við konfektikassa fullan af gullmolum. Sjórinn er blágrænn og liturinn fer vel við hvítan fjörusand sem gefur þeim á erlendum sólarströndum ekkert eftir. Þessi djúpi fjörður er girtur tignarlegum fjöllum nema í vestur, en þar fær miðnætursól í staðinn að spegla sig í haffletinum á fállegum sumarkvöldum. Fjallaflóran er sérlega fjölbreytt en við sunnanverðan Arnarfjörð eru stuttir en snarbrattir Ketildalir. Við botn fjarðarins er síðan magnaður fjallgarður, Hornatær, og aðeins norðar útsýnisfjallið Lómfell. Upp af norðanverðum Arnarfirði eru ekki síðri gullmolar, Tjaldanesfjöllin, en þau sjást einnig vel úr Dýrafirði. Þetta er gömul megineldstöð með fjölda píramidalaga tinda sem minna á indíánatjöld. Tindarnir sem flestir eru rúmlega 800 m á hæð standa þétt og víðurnefnið Vestfirsku Alparnir því víðeigandi. Nöfnin Baulhúshyrna, Krákadalshyrna og Breiðhorn skírskota til lögunar fjallanna, en lengra í vestur er flatari tindur og hæsti tindur Vestfjarða, Kaldbakur (998 m).

Annar lægri tindur stelar þó athyglinni, en hann er brattastur og hæstur indíánatjaldanna. Merkilegt nokk er nafn hans á reiki en það á ekki við um kletta í norðurhlíðum hans, Tröllakrika. Þar ku sólin aldrei ná að skína og því vinsæll dvalarstaður trölla. Það er ógleymanlegt að koma í Tjaldanesdal og upplifa fjallaleikhúsið sem þar er í boði. Snarbrött fjöll umkringja dalinn á alla kanta og eftir dalbotninum renna stríðar bergvatnsár. Frá Hrafnseyri er ekinn jeppaslóði í áttina að Lokinhömrum uns komið er að mynni Tjaldnessdals. Þar er slóði inn dalinn sem hægt er að aka en er skemmtilegra að ganga. Að sumri til er skynsamlegt að halda sig í botni dalsins því brött fjöllin eru þakin skriðum sem erfitt er að fóta sig í. Á veturna geta snjóflóð verið varasöm og því best að leggja til atlögu síðla vors þegar brekkur eru þaktar mýkri snjó. Á mannbroddum er hægt að þræða sig upp austurhlíðar miðlægu Hyrnunnar, en af oddmjóum tindinum býðst einstakt útsýni yfir Arnarfjörð og Snæfellsnes. Í vestri blasir Kaldbakur við og í norður sést ofan í Dýrafjörð og upp á hásléttu Vestfjarðakjálkans. Í sömu ferð er tilvalið

að koma við á Lokinhömrum, en þar sem hluti vegarins liggur niður í fjöru verður að sæta sjávarföllum. Annar valkostur er að ganga á Kaldbak upp úr Fossdal en sú ganga er flestum fær og tekur ekki nema hálfan dag.



Fókus á hjarta landsins



Horft til vesturs af einni af hyrnunum Tjaldnesfjalla. Fyrir miðri mynd er Kaldbakur og Krákadalshyrna til hægri. MYND/TG



Útsýnið af Tjaldanesfjöllum er einstakt – en þau eru ekki auðveld uppgöngu. Hér er horft suður í Ketildali en Snæfellsnes og Snæfellsjökul ber við himin.

MYND/TG


MERKILEGUR ÁFANGI, MERKILEGAR GJAFIR!



Þetta voru bestu ár ævi minnar, enda man ég ekkert eftir þeim
Verð: 4.499.-



Það sem ég hef lært
Verð: 5.499.-



Íslenska samheitaorðabókin
TILBOÐSVERÐ: 6.499.-
Verð áður: 10.999.-

ÖLL HNATTLÍKÖN



30%
afsláttur

15%
AFSLÁTTUR



Stólamotta
TILBOÐSVERÐ: 8.329.-
Verð áður: 9.799.-

20%
AFSLÁTTUR




5 ÁRA
ÁBYRGÐ!


Leikjastóll Commander
TILBOÐSVERÐ: 28.935.-
Verð áður: 36.169.-



Íslensk öndvegisljóð
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 6.999.-



Sapiens / Homo Deus
Boxed Set
TILBOÐSVERÐ: 7.999.-
Verð áður: 9.999.-



Writers - Their Lives And Work
TILBOÐSVERÐ: 4.239.-
Verð áður: 5.299.-

GINGKO KLUKKUR



30%
afsláttur

Allar Gingko klukkur
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 5.739.-
Verð áður frá: 8.199.-



15%
AFSLÁTTUR

Lyklaborð með stillanlegri
LED lýsingu
TILBOÐSVERÐ: 5.949.-
Verð áður: 6.999.-




15%
AFSLÁTTUR

Heyrnartól Cyclone
TILBOÐSVERÐ: 6.417.-
Verð áður: 7.549.-



10%
afsláttur

Rafmagnshlaupahjól
MI M365 PRO
TILBOÐSVERÐ: 75.231.-
Verð áður: 83.590.-



Skittle Bottle
hita / kæli brúsi 500 ml
Verð: 4.999.-

LUND
London

ALLAR FERÐATÖSKUR



30%
afsláttur



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 31. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Traustið



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Núverandi forseti landsins, Guðni Th. Jóhannesson, hefur verið farsæll í embætti og þjóðin ber til hans mikið traust. Þegar liða tók á fyrsta kjörtímabil hans var ljóst að nánast ómögulegt yrði að sigra hann í forsetakosningum, enda hefur enginn þungavigtarframbjóandi boðið sig fram gegn honum. Forsetakosningar verða þó. Þar veldur mestu að frambjóðandi þarf að safna sárafáum meðmælendum. Það er því æði létt verk að bjóða sig fram til forseta Íslands, sæki menn slíkt fast. Allnokkur dæmi eru um að einstaklingar sem hafa enga burði til að gegna hlutverkinu hafi vaðið í framboð og staðið uppi í lokin með litid sem ekkert fylgi. Niðurstaða sem nær öllum var ljós allt frá byrjun, nema frambjóðandanum sem var illa haldinn af athyglissýki og ofmati á sjálfum sér. Slík staða blasir einnig við að þessu sinni.

Mótframbjóðandinn, Guðmundur Franklín Jónsson, ber sig vel og talar eins og möguleikar hans á sigri séu töluverðir. Það er afstaða út af fyrir sig og forvitnileg fyrir margra hluta sakir. Reyndar er ekki vitað til að margir hafi komið að máli við Guðmund Franklín og skorað á hann að bjóða sig fram, en hann hefur greinilega átt hvetjandi samtal við sjálfan sig áður en hann tók ákvörðun sína.

Guðmundur Franklín hóf kosningabaráttu sína á allövenjulegan hátt, með því að hótta fjölmiðlafólki. Það gerðist í kjölfar þess að frambjóðandinn var spurður spurningar, sem honum mislíkaði, í sjónvarpsþætti á RÚV. Hann sagði á fésbókarsíðu sinni að hann ætti „stóra vopnageymslu af upplýsingum um allt þetta fólk“ – það er að segja starfsfólk RÚV – og sagðist ekki hika við að nota þær ef þörf krefði.

Ef Guðmundur Franklín er alvara með forsetaframbóði sínu, sem honum virðist vera, þá var þessi leikur sá alversti í stöðunni. Forseti á ekki að hótta fjölmiðlafólki, líki honum ekki framgangna þess. Sennilega hefur Guðmundur Franklín horft á of marga blaðamannafundi með Donald Trump og hugsanlega hrifist af þeim ósköpum sem sá alræmði forseti lætur út úr sér og því hvernig hann ónotast út í fjölmiðlafólk. Aðdáun Guðmundar Franklins á Trump hefur alla vega ekki farið fram hjá þeim sem heyrt hafa erlendar „fréttaskýringar“ hans á Útvarpi Sögu. Trumpistar Íslands, sem eru reyndar allt of margir, hafa ástæðu til að gleðjast, þeir hafa vísast fundið sinn frambjóðanda, og munu örugglega skunda á kjörstað.

Liklegt er að enginn sérstakur áhugi sé meðal þjóðarinnar á að ganga til forsetakosninga þetta árið og margir munu eflaust sitja heima. Aðrir fara á kjörstað vegna þess að þeim finnst það borgaraleg skylda sín að kjósa. Það er gott að nýta sér kosningaréttinn jafnvel þótt viðkomandi sjái ekki ástæðu til kosninga.

Kosningarnar nú gefa landsmönnum ágætt tækifæri til að þakka núverandi forseta fyrir gott starf og endurnýja traustið til hans. Þannig má helst finna góðan tilgang í komandi forsetakosningum.



Allnokkur dæmi eru um að einstaklingar sem hafa enga burði til að gegna hlutverkinu hafi vaðið í framboð.

Halldór



Frá degi til dags

Formannslagur?
Aðstodarmaður Sigurðar Inga Jóhannssonar sendi fjölmiðlum í gær einn af sínum reglulegu tölvupóstum um Facebook-notkun ráðherrans. „Sigurður Ingi tryggir almenningsamgöngur milli byggða,“ var yfirskriftin. Þetta hlýtur að teljast nokkuð merkilegt persónulegt afrek hjá ráðherranum. Tímasetningin er líka heppileg því fyrir um daginn var birt könnun um ánægju með störf ráðherra. Þar er formaður Framsóknarflokksins í fimmta sæti. Í öðru sæti er hins vegar Lilja Alfredsdóttir en hávær orðrómur er um að hún ætli sér formannssetið. Sigurður Ingi veit vel að fátt stendur hjörtum Framsóknarmanna nær en samgöngur á landsbyggðinni. Nema kannski væri friðun Samvinnuskólans á Bifröst sem Lilja kynnti í vikunni.

Sumarstörf í boði ríkisins
Það er ánægjulegt að stofnanir umhverfis- og auðlindaráðuneytis hafi fundið fé til að ráða skólafólk í vinnu í sumar. Reyndar virðist hafa fundist fleira en fé því hugmyndirnar að baki störfunum hafa krafist verulegrar hugmyndaauði. Þar á meðal má nefna hefðbundin störf á borð við grísjun á bókasafni, undirbúning á skilgreiningu viðernis, georeferencing, greining á mýlirfum úr lækjum. En svo líka að gera skuldbindingaskrár, yfirfara skráningu á staðföngum, gera app fyrir flugmenn og telja maura. Sannkallað þarfapung.

Ekki er sopið kálið



Eyþór Arnalds
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Eitt af dótturfélögum borgarinnar er í vanda. Reyndar í rusli. Sorpa. Flokkun hefur verið minni í Reykjavík en víða annars staðar á landinu. Urðun meiri en í Evrópu. Nú á að hætta að urða sorp um næstu áramót. Þess í stað er verið að byggja gas- og jarðgerðarstöðina Gaja. Hún virðist hafa gengið sjálfala.

Kostnaðurinn við byggingu hennar hefur farið fram úr öllum áætlunum og stefnir nú í 6 milljarða króna eða meira en tólf bragga. Að óbreyttu verður reikningurinn sendur á heimilin í formi gjaldskrárhækkana. Á þessu ári hefur Sorpa tekið tvö neyðarlán upp á eitt þúsund og fimm hundruð milljónir króna en fyrirtækið stendur mjög illa fjárhagslega.

Ekki nóg með að reikningurinn sé sendur skattgreiðendum heldur hefur borgin veðsett útsvarstekjur Reykjavíkurborgar svo SORPA geti tekið lán vegna framúrkeyrslunnar. Bara á þessu ári hefur Sorpa tekið tvö neyðarlán.

Borgarstjóri tók ákvarðanir á formlegum eigendavettvangi

Framúrkeyrslan virðist hafa komið eigendunum á óvart. Aðaleigandi er Reykjavíkurborg, sem hefur staðið að því að farið var í verkefnið. Borgarstjóri sjálfur tók ákvarðanir á formlegum eigendavettvangi Sorpu en hann fer með 60% allra hluta í félaginu. Þegar verksmiðjan er tilbúin á hún að framleiða metangas og moltu. Þrátt fyrir itrekaðar beiðnir hefur engin rekstraráætlun fundist. Engir samningar eru um sölu á metangasinu og er markaður fyrir það lítill. Þetta þarf að leysa.

Moltan er kapituli út af fyrir sig. Ekki er víst að hún gangi út og eru ekki öll kurl komin til grafar í því máli. Ef hún gengur ekki út verður hún uppsafnaður vandi. Tæknilausnirnar í gasgerðarstöðinni eru umdeildar og því óvíst að allt virki. Það á einfaldlega eftir að koma í ljós. Ekki er sopið kálið þó í ausuna sé komið. Og sorpið ekki farið þó væntingar hafi verið um það. Sorpanos, sögðu þeir í auglýsingum Sorpu. Það þótti sniðugt. Núna er enginn að hlæja.

VELDU GÆÐI!

Tilboð í maí
Allar tertur
á 2900 kr.

Daim terta
Kaka ársins
Hindberja og súkkulaðiterta
Jarðarberjaterta.

VELJUM ÍSLENSKT

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
www.bjornsbakari.is

AF KÖGUNARHÓLI

„Það er bara ömurlegt...“



Þorsteinn Pálsson

Það er bara ömurlegt að horfa upp á að þessir gífurlegu fjármunir fari svona á milli kynslóða. Greiðslan á svo að duga um aldur og ævi milli kynslóða, sem er auðvitað bara fáránlegt.“

Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður atvinnuveganefndar Alþings, lét þessi orð falla á Stöð 2 í síðustu viku, í tilefni af því að fleiri meðlimir en áður í sömu fjölskyldu, fara nú með hlutafjäreign í Samherja.

Hugsjónir og pólitík

Það er vandasamt að tala fyrir hugsjónum. Því fylgir líka mikil ábyrgð að taka við umboði kjósenda til þess að fylgja þeim eftir á Alþingi. Oft leiðir það til sæmdarauka, en stundum til minnkunar.

Ummæli formanns atvinnuveganefndar eru hvatning til að skoða hvernig VG hefur haldið á hugsjón sinni í sjávarútvegsmálum.

Frjálst framsal aflaheimilda var lögfest í tíð ríkisstjórnar sem núverandi forseti Alþingis sat í. Andstaðan við frjálst framsal var þá, eins og nú, eitt af stærstu hugsjónamálum Alþýðubandalagsins. Þeirri hugsjón var fornað fyrir þann þjóðarhag sem ráðherrarnir sáu í því að ná fjórum mánuðum til viðbótar í ráðherrastólum.

Álit sáttanefndar sprengt í loft upp
Í tíð vinstri stjórnarinnar eftir hrun



Það er vandasamt að tala fyrir hugsjónum. Því fylgir líka mikil ábyrgð að taka við umboði kjósenda til þess að fylgja þeim eftir á Alþingi.

stýrði Guðbjartur Hannesson, forseti Alþingis og síðar ráðherra Samfylkingarinnar, sáttanefnd allra flokka um sjávarútvegsmál. Með mikilli lagni náði hann árið 2010 viðtækri sátt um stærsta prinsipið varðandi auðlindanýtingu.

Það fólst í svokallaðri samningaleið um tímabindingu veiðiréttar í samræmi við grundvallarhugmynd auðlindanefndar Jóhannesar Nordal frá árinu 2000, um það hvernig tryggja ætti sameign þjóðarinnar á auðlindum. Í bókunum með sáttanefndaralitinu féllust Samtök fiskvinnslustöðva og LÍÚ á þetta prinsipp. Það gerði Sjálfstæðisflokkurinn einnig.

Sögulegt tækifæri blasti við. En skemmt er frá því að segja að nokkrir

þingmenn úr röðum VG og Samfylkingar sprengdu þessa sátt í loft upp fyrir sólsetur, sama dag og niðurstaða nefndarinnar var kynnt.

Sátt hafnað í annað og þriðja sinn

Þegar núverandi ríkisstjórn beitti sér fyrir lækun veiðigjalda buðu Viðreisn, Samfylking og Píratar fram málamiðlun. Hún fólst í því að fallast á gjaldatillöguna án uppboðs, gegn því að ríkisstjórnin samþykkti tímabindingu veiðiréttarins með samningum.

Slík sátt hefði tryggt sameign þjóðarinnar eins og auðlindanefnd lagði til árið 2000 og sáttanefnd 2010.

Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur hafnaði þessu einhuga.

Ríkisstjórn hennar ákvað síðar að lögfasta aflahlutdeild í makríl. Sömu stjórnarandstöðuflokkar lögðu þá aftur til að sameign þjóðarinnar yrði tryggð með því að tímabinda veiðiréttinn með uppboðsleið. Þeirri hugmynd var svarað með því einu að gefa flutningsmönnum langt nef.

Virku stjórnarskrárákvæði hafnað

Forsætisráðherra hefur lagt fram tillögu að stjórnarskrárákvæði um þjóðareign. VG hafnar hins vegar alfarið að gera þjóðareignina virka með ákvæði um tímabindingu veiðiréttarins.

Í fyrstu grein fiskveiðistjórnunarlaganna er ákvæði um þjóðareign, þar sem

segir að úthlutun aflahlutdeildar skapi ekki óafturkræfan rétt. En merking ákvæðisins er undirorpin verulegri óvissu af því að lögin kveða ekki á um tímamörk.

Og nú staðhæfir formaður atvinnuveganefndar að þessi lagatexti um ótímabundna þjóðareign þýði að veiðiréttur flytjist á milli kynslóða um aldur og ævi.

Stjórnarskrárákvæði um þjóðareign án skilyrða um tímabindingu veiðiréttarins, er að sama skapi tilboð um óbreytt ástand. Páll Magnússon þingmaður Sjálfstæðisflokksins lét það álit réttilega í ljós í vikulokum Ríkisútvarpsins síðastliðinn laugardag að stjórnarskráartillagan breytti engu í þessu samhengi.

Sómi eða minnkun?

Þannig hefur VG fjórum sinnum í tíð tveggja ríkisstjórna á liðnum áratug haft forystu um að koma í veg fyrir að virk þjóðareign yrði tryggð, með því að tímabinda nýtingarréttinn annað hvort í almennum lögum eða stjórnarskrá.

Það er ekki unnt að útiloka tímabindingu á báðum stöðum og segjast vilja breytingar.

Þykir þá vera sómi eða minnkun að því hvernig VG hefur haldið á hugsjónum sínum í sjávarútvegsmálum? Kannski á formaður atvinnuveganefndar besta svarið: „Það er bara ömurlegt...“

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsbordinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5050 eða sendu tölvupóst á orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



*Prentmæling Gallup, 12 - 80 ára, okt. - des. 2019. Mannfjöldatölur Hagstofu Íslands 2019

Frelsið



Guðmundur Andri Thorsson þingmaður Samfylkingarinnar

Kolbrún Bergþórsdóttir, sem ég hef í hávegum, skrifaði um daginn grein í Fréttablaðið þar sem hún brýndi fyrir okkur nauðsyn þess að standa vörð um frelsið, nú þegar lag kann að vera fyrir ráðrika stjórnendur að seilast í völdin og þrengja kosti okkar til langframa, með Kófið sem skálka-skjól. Þetta er mikilvæg ábending sem ég tek heilshugar undir. Það á aldrei að vera auðsótt mál að við gefum frá okkur réttindi okkar.

Undi lok greinar Kolbrúnar örlar á misskilningi sem er furðu útbreiddur, enda sumir aðilar sem sjá sér hag í því að kynda undir hann og viðhalda honum. Kolbrún skrifar:

„Það má ekki fara svo að frelsiskerðing þyki nánast sjálfsagt og eðlilegt viðbragð við erfiðu ástandi. Það var því beinlínis upplifgandi að hlusta nýlega á dómsmálaráðherra, Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, í Silfrinu á RÚV, tala af festu og ákveðni um mikilvægi þess að standa vörð um frelsi fólks. Áslaug Arna lagði sömuleiðis ríka áherslu á að takmarkanir eins og þær sem verið hafa með alls ekki festast í sessi. Fleiri stjórnálmenn mættu tala á þennan hátt. Þeir gera það samt ekki margir, sannarlega ekki á vinstri væng stjórnálmanna. Stundum þarf einfaldlega að treysta á Sjálfstæðismenn. Alls ekki oft – en samt stundum.“

Hugmyndin um frelsið og baráttan fyrir því, er grunnstoð jafnaðarmennskunnar. Það gildir um frelsi einstaklingsins til að tjá hug sinn og skoðanir án þess að þurfa að óttast ofsóknir. Það gildir um kynhneigð og þann rétt að tjá hana og haga lífi sínu í samræmi við hana, án þess að þurfa að óttast ofsóknir. Það gildir um trú og þann rétt að iðka hana, án þess að þurfa að óttast ofsóknir. Það gildir um viðskipti og þann rétt að stunda þau, án þess að þurfa að óttast tilraunir til að ryðja manni burt af markaði. Það gildir um atvinnuréttindi og þann rétt að semja með félögum sínum um kaup og kjör. Það gildir um stjórnmalapátttöku og þann rétt að halda á lofti skoðunum sem minnihluti fólks tekur undir – svo að eitthvað sé talið.

Frelsið er heilagt og mikilsvæðastí réttur hvers einstaklings. Rétturinn til þess er altækur. En við megum ekki rugla saman frelsi og rétti til þess að beita aðra ofríki eða ofbeldi. Það er ekki frelsi að hafa leyfi til að ógna fólki. Frelsið er ekki fólgið í að hafa leyfi til þess að veifa byssum og öðrum vopnum. Það er ekki frelsi að stela frá fólki. Frelsinu fylgir ekki leyfi til þess að veitast að fólki vegna litarháttar eða annarra útlitseinkenna. Það er ekki frelsi að hafa leyfi til þess að misnota sér veika stöðu fátæks fólks til að greiða því smáanarlausn, en neita að semja við það. Frelsið snýst ekki um að sóa auðlindum Jarðarinnar og skilja eftir handa afkomendum okkar óbærileg lífsskilyrði.

Í frelsinu býr ekki vald yfir öðrum og lífi annarra. Frelsið endar þar sem ofríkið hefst. Því hefur hins vegar markvisst verið haldið á lofti af hördum markaðshyggjumönnum að frelsið felist einmitt í réttinum til valdbeitingar, að hinn sterki geti farið sínu fram að vild gagnvart þeim veikari í krafti auðs og valda. Því hafna jafnaðarmenn. Frelsi einstaklingsins felst í því að hann hafi möguleika til að þroska sig og hæfileika sína og eiginleika, vaxa og dafna á eigin forsendum svo að best nýstist, bæði honum og samfélaginu: forsenda þess er að hver og einn búi við mannsæmandi lífskjör.

Án jöfnuðar er ekkert frelsi. Án frelsis enginn jöfnuður.

Frekari upplýsingar um þróun hitastigs



Gunnlaugur H. Jónsson eðlisfræðingur

Þann 13. febrúar birti undirritaður greinina „Þróun hitastigs í eina öld“. Greinin var rituð í tilefni 100 ára afmælis Væðurstofu Íslands og greindi frá þróun hitastigs í Reykjavík, Stykkishólmi og á Stórhöfða í eina öld. Greinin var lesin yfir af tveim prófessorum í verkfræði og reyndum veðurfræðingi. Meginniðurstöður má sjá í meðfylgjandi töflu.

Í töflunni eru sýndar hallatölur fyrir bestu línur sem falla að hitaferlum síðustu 100 ára. Hallatölurnar sýna árlega hlýnun sem nemur þúsundustu hlutum úr gráðu á ári. Á einni öld nemur hlýnunin 0,25°C á Stórhöfða, 0,36°C í Reykjavík og 0,57°C í Stykkishólmi. Hlýnun á einni öld er því minni en sem nemur sveiflu í meðalárshita (staðalfrávik) þessara stöðva.

Þann 6. apríl birti Þorsteinn J. Halldórsson, eðlisfræðingur, grein sem hann nefnir „Loftslagsmálin – hvert stefnir?“ Í greininni eru mér gerðar upp skoðanir og hugsun sem ég hef ekki sett á prent.

Þorsteinn segir: „Gunnlaugur reiknar út í grein sinni að í Reykjavík muni ekki hlýna næstu hundrað árin nema um 0,6°C. Hann segir það leiða af mælingum Væðurstofunnar.“

Nú er það ljóst að mælingar Væðurstofunnar munu ekki hafa áhrif á hlýnun. Þá er ekki gerð nein framtíðarspá um hlýnun í Reykjavík næstu árin, en bent á að „Haldi þessi þróun (síðustu 100 ára) í veðurfari áfram óbreytt næstu 100 árin til 2120, má vænta þess að meðalhiti í Reykjavík fari úr 4,8°C og verði 5,4±0,7°C árið 2120. Mannvirki og malbik í stórborginni London valda því að hiti er þar 2-3°C hærra en í sveitunum í kring. Uppbygging höfuðborgarsvæðisins og aukin trjárækt mun líklega hækka væntan hita í Reykjavík í framtíðinni, um allt að eina gráðu til viðbótar.“ Að gefnum þessum forsendum má því reikna út að það muni hlýna um 1,6±0,7°C í Reykjavík næstu 100 árin og meðalhitinn



/// Tölulegar upplýsingar um ársmeðalhita í 100 ár í °C

	Stykkishólmur	Reykjavík	Stórhöfði
Ársmeðalhiti °C	4,0	4,8	5,2
Mesti ársmeðalhiti °C	5,5	6,1	6,3
Minnsti ársmeðalhiti °C	2,3	2,8	3,7
Staðalfrávik °C	0,70	0,66	0,56
Hallatala: hlýnun á ári °C	0,0057	0,0036	0,0025
Hlýnun á 100 árum °C	0,57	0,36	0,25



Heimshöfin ná yfir 71% af yfirborði jarðar og því ljóst að hlýnun sjávar gefur góða vísbendingu um þróun hitastigs á jörðinni allri.

verða 6,4±0,7°C.

Þá segir Þorsteinn: „Sú fullyrðing Gunnlaugs í greininni að meðalhiti jarðar, sem í dag er 15 gráður, hafi ekki breyst frá árinu 1960 er ekki rétt.“

Þarna er enn hallað réttu máli. Í greininni stendur: „Þeim mun víðar sem við förum í tíma og rúmi þeim mun meiri líkur eru á því að finna hitastig sem vikur langt frá meðalhita jarðarinnar sem er nú talinn vera um 15°C. Árið 1960 fyrir 60 árum, samkvæmt bestu vitneskju þess tíma, var meðalhiti jarðarinnar líka talinn vera 15°C.“ Með þessum orðum er lögd áhersla á að nákvæm

skilgreining og mæling á meðalhita jarðar er ekki einfalt mál og óvissan það mikil að hitastigið sem stuðst var við árið 1960 er það sama og í dag. Ekki er um það efast að nútíma nákvæmari mælingar sýna að hitinn hafi hækkað nokkuð á þessum 60 árum.

Hlýnun sjávar betri mælikvarði en hlýnun andrúmsloftsins?

Heimshöfin ná yfir 71% af yfirborði jarðar og því ljóst að hlýnun sjávar gefur góða vísbendingu um þróun hitastigs á jörðinni allri. Á þessari stundu eru nær 4.000 Argo-dufl á 1.000 m dýpi að mæla hitastig, seltu og strauma í öllum heimshöfum. Þau fljóta með straumum en á tíu daga fresti svífa þau niður á 2.000 m dýpi og síðan upp á yfirborðið. Á ferð sinni niður og upp skrá þau m.a. hita og seltu og þegar þau koma upp á yfirborðið senda þau þessar upplýsingar ásamt staðsetningu í gervitungl. Með Argo-duflunum fást mjög nákvæmar mælingar á hitastigi allra heimshafanna á efstu 2.000 m.

Átti áhugavert samtal um Argo-

duflin við prófessor Júlíus Sólves sem benti á að eftir að Argo-flotunum var komið fyrir um síðustu aldamót sé hlýnun heimshafanna einn besti mælikvarðinn á hlýnun jarðar og vitnaði í nýutgefna bók sína Global Warming, sem nýkomin er út hjá Amazon og gefur mjög gott yfirlit yfir rannsóknir á hlýnun jarðar. Þar segir á blaðsíðu 66 í töflu 3.2 (gerð af Cheng et al.) að árleg aukning varmaorku í efstu 2.000 m í heimshöfunum nemi 7,9*1021Joul. (7,9 Zetta Joule). Þá sé staðalfrávik meðalárshita heimshafanna margfalt minna en staðalfrávik meðalárshita yfirborðs jarðar og því að mörgu leyti heppilegri mælikvarði. Þessar upplýsingar sögðu mér ekki mikið þar sem ég er ekki vanur að hugsa í Zetta Joulum. Ákvað því að breyta þessu í árlega breytingu á meðalhitastigi heimshafanna á efstu 2.000 m, í von um að ég fengi tölu sem ég gæti sett í samband við hugtök og reynslu sem ég skil. Fékk töluna 0,29°C á öld.

Það má svo velta vöngum yfir þeirri tilviljun að frá aldamótum hefur mæld varmaaukning í efstu 2.000 m sjávar bent til þess að heimshöfin séu að hlýna um 0,29°C á öld á sama tíma og mæld hlýnun á Stórhöfða er 0,25°C og í Reykjavík 0,36°C síðustu 100 árin. Í þessu samhengi er þó vert að hafa í huga að hitabreytingar í hafinu eru mjög mismunandi eftir hafsvæðum og dýpi. (Útreikningana má sjá í lengri útgáfu af þessari grein á vefnum).

Þörungar og nýsköpun

Bjarni G. Bjarnason framkvæmdastjóri Hyndlu ehf.

Gestur Ólafsson arkitekt og skipulagsfræðingur

Guðrún Hallgrímsdóttir matvælaverkfræðingur

Í mars sl. kom út á vegum Íslenska sjávarklasans greining með yfirskriftinni „Tækifæri í þarskógunum við Ísland“. Fjallar hún um möguleika á aukinni nýtingu þarskóga við strendur landsins, sem er þakkarvert, enda felast stórkostleg, ónotuð tækifæri í nýtingu stórbörunga á Íslandi.

Auk nýtingar á þara, sem eru brúnþörungar, er einnig fjöldi möguleika á nýtingu rauð- og grænþörunga, t.d. klóblöðku, sólvá, purpurahimnu, mariusvuntu o.fl. Nýtingarmöguleikar rauð- og grænþörunga eru ekki síður mikilvægir en brúnþörunga.

Talið er að tegundir svokallaðra stórbörunga sem vaxa við Ísland séu um 300. Hefur aðeins lítill hluti þeirra verið nýttur að einhverju marki, einkum klóþang, sól og hrossapari.

Víða þar sem þarskógar eru nýttir til töku, hafa verið viðhafðar stórtækar veiðiaðferðir þar sem togbátar (e. kelp trawlers) slita

upp þarann. Þær aðferðir hafa verið harðlega gagnrýndar og eru sums staðar alfarið bannaðar.

Þarskógar gegna margþættu og þýðingarmiklu hlutverki í náttúrunni. Þeir eru búsvæði aragrúa lífvera, m.a. margra nytjastofna sem ýmist hrygna þar, leita sér fæðu eða skjóls. Þeir vernda land fyrir ágangi sjávar og gegna veigamiklu hlutverki við upptöku koltvísýrings úr andrúmslofti og binda kolefni eins og skógar á landi. Líta þarf til margra þátta við ákvörðun um nýtingu þeirra. Ítarlegar rannsóknir eru því nauðsynlegar til að tryggja að nýtingin sé sjálfbær, bæði hvað varðar þörungana sem verið er að nýta og búsvæði þeirra.

Af rúmlega 35 milljón tonna heimsframleiðslu stórbörunga koma yfir 95% úr ræktun. Neytendur átta sig í vaxandi mæli á mikilvægi þarskóga fyrir umhverfið og munu því kjósa afurðir úr þörungum sem eru ræktaðir, frekar en úr þeim sem vaxa villtir.

Það er skoðun greinarhöfundar að nýtingu stórbörunga á Íslandi verði best fyrir komið með ræktun á landi og úti í sjó þar sem því verður við komið. Þetta útilokar þó ekki möguleika á nýtingu á náttúrulegum stórbörungastofnum að einhverju marki, sé tryggt að nýtingin sé sjálfbær.

Möguleikar á nýtingu stórbörunga eru margvíslegir. Þar af leiðandi er markaður fyrir stórbörungaafurðir ekki einn – þeir eru margir og ólíkir. Ýmsar framleiðslugreinar sækjast eftir efnum úr stórbörungum t.d. matvæla- og fæðubótaíðnaður, snyrtivöruiðnaður, lyfja- og náttúruyfjajaiðnaður, efna- og orkuíðnaður, landbúnaður og eldi sjávardýra.

Í Asíu hafa stórbörungar verið nýttir um aldaradír og eru lönd í Suðaustur-Asíu langstærstu framleiðendur og þar með einnig stærstu ræktendur stórbörunga í heiminum. Metnaðarfull áform eru uppi um að auka hlut stórbörunga í hagkerfi framtíðarinnar í Evrópu og Bandaríkjunum.

Rannsóknir á stórbörungum fara nú fram í háskólum og fyrirtækjum víða um heim. Ritryndar vísindagreinar birtast í hundradatali á hverju ári um líffræði þeirra, gagnsemi og nýtingarmöguleika.

Á Íslandi eru sannarlega góðar aðstæður til að framleiða eftir-sóttar afurðir úr stórbörungum. Þar vegur þýngst ímynd landsins vegna hreinleika náttúrunnar og hreinna og sjálfbærra orkugjafa. Svo eru hér mörg öflug nýsköpunarfyrirtæki sem nú þegar nýta efni úr þörungum í framleiðslu sína.

Það er skoðun okkar að ekki beri

að keppa eingöngu að magnframleiðslu stórbörunga. Miklu fremur eigi að stefna að framleiðslu sem uppfyllir strangar kröfur um gæði og hreinleika fyrir sérhæfða markaði. Markaðir fyrir þörunga á Vesturlöndum eru í mótun en fara ört stækandi. Lög og reglugerðir um innihaldsefni þörunga, vinnslu þeirra og nýtingu eru einnig í stöðugri þróun. Með skýrari lögum og reglum munu kröfur um gæði aukast og um leið munu ábatasamir markaðir stækka.

Svo að vel takist til við uppbyggingu öflugs iðnaðar í kringum stórbörunga á Íslandi þurfa margir þættir að fylgjast að, s.s. gott skipulag, samvinna, skýr lög og reglur og öflugt rannsóknar- og þróunarstarf. Góð menntun í líf-, verk-, markaðs- og hönnunarfræðum er afar mikilvæg. Þátttaka í alþjóðlegri samvinnu og samstarfi er einnig nauðsynleg. Það þarf að vanda til við þróun og uppbyggingu greinarinnar, nýta þá þekkingu sem til er og aðlaga þeim aðstæðum sem hér ríkja. Síðast en ekki síst þarf þolinmótt fjármagn frá þróunar- og fjárfestingarsjóðum og einkafjárfestum, sem eru reiðubúnir að fjárfesta til framtíðar í spennandi og umhverfisvænni atvinnugrein — í líf- og bláa hagkerfinu á Íslandi.

ALLT AÐ
700.000 kr.
AFSLÁTTUR!

DÚ FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS

HEILSAÐU SUMRI Á NOTUÐUM BÍL

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarinn okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 392419

OPEL Corsa E

Nýskr. 10/15, ekinn 41 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 1.190.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
790.000 kr.

9.737 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 146610

VW Polo Trendline

Nýskr. 03/18, ekinn 77 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 1.890.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.490.000 kr.

18.042 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 146609

HYUNDAI i20 Classic

Nýskr. 05/18, ekinn 95 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 1.490.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.090.000 kr.

13.296 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
500.000 KR.

Rnr. 430791

TOYOTA Auris Active Hybrid

Nýskr. 10/16, ekinn 40 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 2.790.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.290.000 kr.

27.533 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
600.000 KR.

Rnr. 146520

SKODA Octavia Combi 4x4

Nýskr. 02/18, ekinn 52 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 4.090.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.490.000 kr.

41.769 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
500.000 KR.

Rnr. 110380

NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd

Nýskr. 11/17, ekinn 38 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 4.390.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.890.000 kr.

46.515 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
600.000 KR.

Rnr. 130218

RENAULT Talisman Intens

Nýskr. 10/17, ekinn 31 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.990.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.390.000 kr.

40.583 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 146486

RENAULT Captur Dynamic

Nýskr. 08/14, ekinn 73 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 1.690.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.290.000 kr.

15.669 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 146425

HYUNDAI i30 Classic

Nýskr. 04/15, ekinn 83 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 1.490.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.090.000 kr.

13.296 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
500.000 KR.

Rnr. 430773

RENAULT Kadjar Zen 2wd

Nýskr. 06/17, ekinn 45 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.190.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.690.000 kr.

32.278 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
600.000 KR.

Rnr. 146437

NISSAN Qashqai Tekna 2wd

Nýskr. 06/17, ekinn 51 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.990.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.390.000 kr.

40.583 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
700.000 KR.

Rnr. 146395

HYUNDAI Santa Fe III Comfort

Nýskr. 04/18, ekinn 77 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 5.690.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
4.990.000 kr.

59.565 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
600.000 KR.

Rnr. 146386

FORD Focus ST-Line

Nýskr. 06/18, ekinn 73 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 2.490.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.890.000 kr.

22.787 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
600.000 KR.

Rnr. 146336

SUBARU Forester Premium

Nýskr. 06/18, ekinn 65 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 4.290.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.690.000 kr.

44.142 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 110318

NISSAN Juke Acenta 2wd

Nýskr. 11/16, ekinn 26 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 2.390.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.990.000 kr.

23.973 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

Lykill



Allt að 80% lán



Ástandsskoðun



Fjármögnun á staðnum

Opnunartímar:

Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bíland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bíland

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á Lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánskilmálana á heimasíðunni Lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaða frá Lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

Öryggisventill forsetaframbjóðenda



Guðjón Jenson eldri borgari og leiðsögumaður

Við hrun bankanna haustið 2008 blöstu við gríðarlegir erfiðleikar. Mikil orka fór í endurreisnarstarfið og einn meginþátturinn í því var að byggja upp traust landsmanna gagnvart alþjóðlega samfélaginu. Eitt það mikilvægasta var að taka upp samningaviðræður við Breta og Hollendinga um svonefnda innlánsreikninga Landsbankans sem kenndir voru við Icesave.

Í ljós kom að Landsbankanum hafði að öllum líkindum verið best stjórnad en allir þrír lentu í lausafjárþroti. Bankarnir höfðu auknið óhóflega umsvif sín m.a. vegna gríðarlegs framboðs lánsfjár á mjög lágum vöxtum á Asiumarkaðnum til skamms tíma, sem allt í einu var ekki unnt að framlengja. Meginvandi íslensku bankanna var að framlengja þetta lánsfé sem hafði verið lánað ýmsum til lengri tíma en á mun hærri vöxtum.

Greinilegt var að Kaupþingbankanum var tiltölulega verst stjórnad en skást höfðu bankastjórnar Landsbankans unnið sin störf. Viðbrögð þeirra við lánakrisunni í Asíu voru að efna til innlánsreikninga í Bretlandi og síðar Hollandi og boðið var upp á mun hærri vexti en tíðkast hafði. Tilgangurinn var að fá nægt fé til að endurgreiða skammtímalánin á lágu vöxtunum. Það tókst þeim ekki.

Alltaf var ljóst að tryggingar og veð Landsbankans voru yfirleitt í góðu og jafnvel besta lagi enda skiludu útistandandi skuldir Landsbankans sér betur en annarra banka. Með þetta í huga gengu íslensk stjórnvöld til samninga við þau bresku og hollensku og úr varð samningur sem kenndur var við Icesave. Þegar samningsaðilar ganga til samninga slá þeir af ítrustu kröfum sínum og gefa eitthvað eftir. Slikir samningar eru yfirleitt alltaf mjög traustir og hagkvæmir fyrir báða aðila. Lögfræðingar mæla með slíkri lausn, enda afar dýrt að láta mál vera opin til lengri tíma.

Nú gerist það að þingmál er flutt á Alþingi til að fá staðfestingu meirihluta þingsins fyrir þessum samningum. Þegar það mál hafði verið samþykkt gerist það að einn þingmaður blæs upp eitt það furðulegasta færvíðri sem um getur í íslenskrum stjórnmálasögu. Hann beinir athyglinni frá óreiðunni í Kaupþingbanka en vekur athygli þjóðarinnar, með aðstoð þáverandi forseta, á Landsbankanum og gerir allt málið hið tortryggilegasta. Afar mikil stórvæðing voru látnar falla sem ekki er rétt að endurtaka.

Þáverandi forseti Lýðveldisins virðist hafa verið mjög hugfanginn af þessu öllu saman og neitaði að

staðfesta löginn um samningana um Icesave. Þeim var skotið til þjóðarinnar, ekki einu sinni heldur tviðvegis. Má því segja að forsetinn hafi höggvið tvisvar í sama knérunn!

Forsetinn rökstuddi ákvörðun sína og talaði um að hann gegndi hlutverki nokkurs konar öryggisventils án þess að útskýra það nánar. En tilgangurinn hafði þjónað sínum tilgangi. Einn maður samfélagsins hafði allt í einu tekið sér meira vald í sínar hendur en meirihluti Alþingis hafði haft! Þingmaðurinn sem hafði æst hann upp til þessa verknadar, vann mjög stóran kosningasigur í næstu þingkosningum, en það reyndist vera aðdragandinn að falli hans síðar.

Við uppgjör Icesave reikninganna kemur síðar í ljós að þessi ákvörðun forseta reyndist þjóðinni afar dýrt spaug. Bretar og Hollendingar fengu rúmlega 50 milljarða meira í hendur en þeir höfðu samið um við eigendur innstæðureikninganna. Þetta kemur fram í reikningsuppgjöri Indriða H. Þorlákssonar fyrrverandi ríkisskattstjóra.

Forsetakosningar 2020

Nú er komið að síðasta ári kjörtímabils Guðna Th. Jóhannessonar forseta. Hann hefur reynst afar farsæll og mjög góður forseti sem þjóðin öll ber mikið traust til að undanteknum örfám. En hann hefur fengið mótframboð Guðmundar Franklins Jónssonar, sem vísar til Icesave og þeirrar nauðsynjar að hann gerist öryggisventill þjóðarinnar, sem hann ekki útlistar nánar fremur en Ólafur Ragnar á sínum tíma. Það verður að segja sem er að lýðræðinu getur verið hætta búin af svona forsetum sem telja sig hafa meira vald en meirihluti Alþingis. Slíkar örþrifaákvarðanir hafa oft reynst illa ígrundaðar og beinlínis rangar. Ákvörðun Ólafs Ragnars á sínum tíma varð til þess að kljúfa þjóðina í tvær andstæðar fylkingar. Þessi ákvörðun hans var ekki góð en reyndist okkur mjög dýr.

Andstaðan gegn Icesave á sínum tíma tafaði mjög fyrir því að Íslendingar endurheimtu traust, sem er mjög mikilvægt í öllum samskiptum hvort sem er í viðskiptum eða milli heilla þjóða. Vaxtakjör og annað sem máli skiptir er mjög mikilvægt að hafa sem hagstæðast. Björgvin Guðmundsson viðskiptafræðingur og fyrrverandi borgarfulltrúi taldi á sínum tíma að töfin við Icesave hefði kostað a.m.k. 50 milljarða, eða áþekka fjárhæð og Bretar og Hollendingar höfðu upp úr krafsinu. Þessi fjárhæð gæti dugað til byggingar nýs Landspítala.

Það reynist vera dýrt, já rándýrt að vera þrjóskur og stoltur með því að þykjast vita betur en aðrir. Átakapólitik snýst oft upp í andhverfu sína.

Eg leyfi mér með þessu lesendabréfi að hvetja Guðmund Franklín Jónsson alvarlega til að ígrunda betur framboð sitt til embættis forseta Íslands. Maður sem greinilega veit ekki hvað hann hyggst gera sem forseti þjóðarinnar ætti að draga framboð sitt tafarlaust til baka.

Skuldbindingar dánarbús



Árni Vilhjálmsson lögmaður

Óhætt er að fullyrða að flestum dánarbússkiptum sé lokið með einkaskiptum þar sem erfingjarnir taka á sig skuldbindingar dánarbúsins. Í 97. gr. laga um skipti á dánarbúum, er kveðið á um það að erfingjar beri einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á skuldbindingum dánarbúsins, án tillits til þess hvort þeir hafi vitað um tilvist slíkra skuldbindinga.

Tilfni þessara skrifta er dómur sem gekk í Landsrétti síðla vetrar, í málinu nr. 441/2019, sem rétt er að vekja athygli á. Þar reyndi á hvernig túlka bæri hugtakið „erfingi“. Í stuttu máli voru málavextir þeir að faðir áfrýjenda málsins, eignaðist fimm börn með jafnmörgum konum. Hann kvæntist síðustu barnsmóður sinni og bjó með henni til dánardags. Gerðu hjónin með sér sameiginlega erfðaskrá, þar sem kveðið var á um gagnkvæman rétt þess er lengur lifði til setu í óskiptu búi án samþykkis annarra erfingja, en slíkt er heimilt samkvæmt erfðalögum. Að föðurnum látnum fékk eiginkona hans leyfi til setu í óskiptu búi. Fyrir andlát hans hafði hún gerst ábyrgðarmaður á námslánum fyrir þeirra sameiginlega son og sambýliskonu hans. Þegar bæði hjón voru látnir gekkst hinn sameiginlegi sonur í að skipta eignum foreldra sinna og fékk hálfstykkinu sín til þess að skrifa undir beiðni til einkaskipta og síðar erfðafjárskýrslu sem þau gerðu í góðri trú. Sameiginlegi sonurinn erfði móður sína og föður og fékk í sinn hlut 60% af samanlögðum eignum þeirra, en hvert hálfstykkinanna 10%, sem var arfshlutur föður þeirra. Í þessum skiptaskjölum var hvergi minnst á ábyrgðarskuldbindingar á námslánunum sem námu með vöxtum næstum þrefalt hærri fjárhæð en samanlagðar eignir hinna látna.

Nokkru eftir að skiptum lauk lentu námslánin í vanskilum og voru gjaldfæld af lánasjóðnum, þremur árum eftir skiptalok. Vegna rangrar skráningar um framvindu skipta hjá viðkomandi sýslumanns-embætti, benti vottorð embættisins til þess að þessi fjögur hálfstykkinu væru börn og þar með erfingjar „stjúpmóður“ sinnar. Þar sem faðir þeirra lést á undan eiginkonu sinni féll þessi ábyrgðarskuldbinding aldrer á hann og því ekki á dánarbúið. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir þessara hálfstykkinu til þess að leiðrétta efni vottorðs sýslumanns kom allt fyrir ekki og stefndi lánasjóðurinn þeim, ásamt báðum lántökum fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur sem komst að þeirri niðurstöðu að orðalag framangreindrar 97. gr. væri fortakslaust um sameiginlega ábyrgð erfingja á skuldbindingum hins látna. Ekki var tekið til varna af



Draga má margvíslegan lærdóm af máli þessu. Það fyrsta sem manni dettur í hug er að tölva lánasjóðsins hafi einfaldlega sagt nei, þegar áfrýjendur báðu um að nöfn þeirra sem ábyrgðarmanna yrðu felld út.

hálfu aðalskuldaranna. Voru aðalskuldarar, þ.e. sameiginlegi sonur hinna látnu og sambýliskonu hans, ásamt hálfstykkinunum fjórum, dæmd til þess að greiða lánasjóðnum óskipta kröfufjárhæðina með dráttarvöxtum, frá gjaldfellingu lánsins til greiðsludags og málskostnað að auki.

Hálfstykkinin áfrýjuðu héraðsdómnum til Landsréttar sem sneri niðurstöðunni og féllst á það í dómi sínum með áfrýjendum, að við túlkun á áður nefndri 97. gr. laga um skipti á dánarbúum, verði að líta svo á að eftir að einkaskiptum á óskiptu dánarbúi er lokið, beri erfingjar einungis ábyrgð á skuldbindingum þess hjóna sem þeir taka arf eftir. Voru áfrýjendur málsins þar með sýknaðir af kröfum lánasjóðsins.

Draga má margvíslegan lærdóm af máli þessu. Það fyrsta sem manni dettur í hug er að tölva lána-

sjóðsins hafi einfaldlega sagt nei, þegar áfrýjendur báðu um að nöfn þeirra sem ábyrgðarmanna yrðu felld út. Þess skal getið að stjórn sjóðsins hafnaði í þriggja ítarlega rökstuddum beiðnum áfrýjenda um að málið yrði látið niður falla. Á hinn bóginn hefur að því er virðist ekki verið látið reyna á túlkun 97. gr. skiptalaganna með þessum hætti áður. Í fræðunum má þó finna bókstaf um það að í óskiptu búi séu í rauninni tvö aðskilin bú, dánarbú hins skammlífari og bú hins langlífari. Þá hafa fræðimenn haldið því fram að skiptum á dánarbúi hins skammlífari sé einungis slegið á frest, þar til langlífari maki fellur frá eða ef bú hins skammlífara er skipt af öðrum ástæðum.

Líklegasta ástæðan fyrir því að þetta mál lenti á þessum villigötum er sú, að samkvæmt lokamálsgrein 2. gr. laga um erfðafjárskatt segir að við búskipti eftir lát beggja hjóna skuli leggja erfðafjárskatt á arf erfingjanna eins og um eitt bú sé að ræða, án tillits til þess hvort erfingjar beggja séu þeir sömu eða ekki. Þetta skattlagningarákvæði má þó ekki leiða til þess að skuldbinding falli á þann sem enga aðild á að dánarbúi því sem skuldbinding hvílir á. Þegar um lítil dánarbú og einföld er að ræða, ganga sýslumenn ekki eftir sérstakri skiptagerð sem getur kallað á mistök sem þessi. Það ætti því að vera sérstakur áskilnaður að gerð sé nákvæm skiptagerð eða jafnvel tvær þegar þannig stendur á að langlífari maki situr í óskiptu búi með stjúpbörnum sínum.

Nóg komið af fortíðarskvaldri



Anna Leósdóttir listakona

Mikið var ég glöð að rekast á grein í Fréttablaðinu þann tólfta þessa mánaðar eftir Dóru Björt Guðjónsdóttur, borgarfulltrúa Pírata í Reykjavík.

Við lestur greinarinnar var eins og hulu væri svipt frá augum mínum og skyndilega sá ég hlutina í nýju ljósi. Hægri öfl í pólitík hafa gjörspíllt Reykjavík og mengað borgina áratugum saman og sérstaklega er Sjálfstæðisflokkurinn stórhættulegur öllu venjulegu fólki og sá flokkur sem ber stærsta ábyrgð á bílaeign borgarbúa, jafnvel allra landsmanna. Þetta hefði ég eflaust aldrei komið auga á án ábendingar frá Dóru Björt.

Sem fyrrverandi starfsmaður í verslunum við Laugaveg og seinna

rekstraraðili, hafði ég í raun aldrei gert mér grein fyrir stórkostlega skadlegum áhrifum einkabílsins á Reykjavík. Ég hafði frekar litið á hann sem hálfgerða blessun fyrir verslun í borginni og borgarbúa í vondu veðri, til dæmis roki og rigningu, sem var algengt þau ár sem ég starfaði á Laugavegi. Mér fannst það vera viss munaður að komast á milli staða í bíl, eftir að hafa lengi notast við strætúsvagna og oft þurft að ganga dagóðar vegalengdir í alls konar vonskuveðri til að komast leiðar minnar við Lauga-

veg. Mögulega hefur það verið rangt mat. Hugsanaskekkja. Afleiðing heilaþvottar hægrí aflanna í borginni.

Eftir að hafa lesið grein Dóru Bjartar og uppgötvað þetta, finnst mér nú alveg spurning hvort við hjónin leggjum ekki okkar af mörkum og losum okkur hreinlega bara við bilinn á heimilinu. Reyndar erum við bæði komin yfir sjötugt og svolitíð slæm í fótunum en ætli það lagist ekki bara þegar við förum að hreyfa okkur. Spurning um að fjárfesta í mannbroddum fyrir næsta


vetur og rafhjólum – eru þau ekki málið í dag?

Já, það er sannarlega gott að njóta leiðsagnar Dóru Bjartar og meirihlutans í borginni í þessum málum og sjá hvað Reykjavíkurborg er smám saman að taka á sig á fallega, manneskjulega og vistvæna mynd, með götulokunum, nýjum háhýsum og skuggastrætum. Hvaða máli skiptir eiginlega sjávar- og fjallasýn þegar maður hefur þessa fegurð fyrir augum sér alla daga. Svei mér þá, eflaust hefur borgin aldrei verið betri og fallelgri en einmitt nú.

FRÉTTABLAÐIÐ

FIMMTUDAGUR 28. MAÍ 2020

Tíska



Elmar Ari er mjög ánægður með CUBE fjallahjólin, sérstaklega rafmagnshjólið, sem hann segir hafa gjörbreytt fjallahjólaferðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Fjallahjólreiðar á Íslandi á gæðahjólum

Elmar Ari Jónsson, einn þekktasti fjallahjólagarður landsins, hjólar á tvenns konar CUBE fjallahjólum og fer í reglulegar hjólaferðir með fjallahjólaklúbbnum Tindi. Hann segir ótrúlegt að fara upp á fjallstinda á rafmagnshjóli. ➔2

Framhald af forsiðu →

Hjólin sem Elmar Ari notar eru tvenns konar. Eitt er fulldempað reiðhjól en hitt er með aðstoðarmotor. Bæði hjólin eru frá merkinu CUBE sem fást í TRI VERSLUN Suðurlandsbraut 32, 108, Reykjavík.

„CUBE hefur slegið í gegn með nýjasta hjólinu sínu, CUBE STEREO 170 TM. Það er með ofboðslega góðum dempurum og nýju stelli,“ segir Elmar Ari, sem er sérlega ánægður með þær framfarir sem CUBE reiðhjólin hafa tekið á undanförunum árum.

Von er á andlitslyftingu á Hyundai Santa Fe í sumar og Hyundai hefur sent frá sér þessa skuggamynd sem sýnir framenda bílsins vel. Eins og sjá má er búið að endurhanna framendann mikið, með stærra grilli og nýjum T-laga dagljósum. Nýr Santa Fe fær nýjan undirvagn sem er óvenjulegt fyrir bíl sem er ekki ný kynslóð. Undirvagninn er sá sami og er undir nýjum Sonata og er af þriðju kynslóð. Að sögn framleiðandans mun sá undirvagn tryggja betri aksturs-eiginleika og ekki síst meira öryggi ef til áreksstrar kemur. Munar þar um endurhönnuð krumpusvæði og meiri notkun hágæðastáls. Nýr undirvagn mun líka þýða meira úrval tvinnútfærslna, en líklegasta vélin þar er 1,6 lítra bensínvél sem einnig er í Ionic og Kona.



Hér sést hliðarsvipur bílsins mjög vel og hann er greinilega stærri en áður með lengri framenda og stærra farangursrými.

Njósnamynd af nýjum GLC

Nýr Mercedes-Benz GLC er ekki væntanlegur á næstunni en þegar hafa náðst myndir af bílnum við prófanir í Suður-Þýskalandi, stutt frá höfuðstöðvum Daimler í Stuttgart.

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Þeir sem sérhæfa sig í að taka njósnamyndir af bílum framtíðarinnar telja sig hafa náð á mynd næstu kynslóð Mercedes-Benz GLC. Þessar myndir, teknar með miklum aðdrætti, sýna bílinn við prófanir í Þýskalandi. Nokkur ár eru í að við munum sjá nýjan GLC á götunum en þrátt fyrir mikinn felubúnað má sjá að bíllinn verður stærri og fær alveg nýtt útlit.

Líkt og næsta kynslóð C-línunnar fær þessi ný billi MRA undirvagninn sem búið er að breyta svo að hann geti boðið upp á 100 prósent rafmagn ef svo ber undir. Billinn verður boðinn með fjögurra og sex strokka bensín- og dísilvélum sem allar munu fá einhvers konar tvinn-



Þrátt fyrir mikinn felubúnað sést að framendinn er endurhannaður með svipuðum ljósum og ný S-lína. Vélarhlífir er lengri og nefið brattara.

» LÍKT OG NÆSTA KYNSLÓÐ C-LÍNUNNAR FÆR ÞESSI NÝI BÍLLI MRA UNDIRVAGNINN SEM BÚIÐ ER AÐ BREYTA SVO AÐ HANN GETI BOÐIÐ UPP Á 100% RAFMAGN EF SVO BER UNDIR.

útfærslu. Með mildri tvinn-útfærslu verður hann með 14 hestöfl frá rafmótor svo að hann geti slökkt á vélinni við áreynslulausan þjódvegaakstur. Einnig verður í boði öflugri tengiltvinn-útfærsla.

Augljóst er að bíllinn verður lengri en núverandi kynslóð og með lengri framenda, auk stærra farangursrýmis sem sést á stærri C-bitu. Búast má við nýju MBUX kerfi í stafrænni innréttingu líkt og í nýrri S-línu sem náðist á mynd á dögnum.

Hjóladaður Suzuki vel heppnaður

Komin er hefð fyrir því hjá Suzuki-umböðinu að halda mótörhjóladag á vorin og var hann haldinn í sjöunda sinn síðastliðinn laugardag.

Margir mótörhjóla klúbbar mættu á svæðið með hjól sín, sem sum hver voru gömul Suzuki-mótörhjul frá fyrstu árum umboðsins. Einnig mættu sumir með sérsmiðuð keppnishjul, en Suzuki-mótörhjólin eru þekkt fyrir mikið afl. „Við eru alsæl með frábæra mætingu og ekki skemmdri veðrið sem lék við okkur svo ekki var hægt að biðja um meira,“ sagði Sonja G. Ólafsdóttir, markaðsstjóri Suzuki.

Sérstakur afsláttur var í boði á Suzuki daginn og nýttu sér það margir. „Við viljum þakka öllum þeim sem lögðu leið sína hingað á hjóladaðinn kærlega fyrir komuna. Við brosum hringinn eftir daginn“, sagði Sonja að lokum.



Halldór Sigtryggsson mótörhjóla-virki ásamt Kolbeini Pálssyni hjá Suzuki við Suzuki T200 1967.



Það var góð mæting hjá Suzuki í Skeifunni á laugardaginn eins og hér sést.

Gerðu góð kaup

FLEIRI KJARABÍLAR

Á KJARABILAR.IS

Athugið að um er að ræða takmarkaðan fjölda bíla af tilteknum gerðum. Það eru þó fleiri bílar í boði en fram koma í auglýsingunni og þá má finna á www.bl.is/kjarabilar

BJÓÐUM VALDA NÝJA BÍLA Á KJARABÍLAVERÐI.
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG

KJARAVERÐ
6.290.000 kr.



OYU70 3 ára þjónustupakki

Renault Koleos Intens

Dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bíll

Listaverð: 7.190.000 kr.

KJARAVERÐ
5.850.000 kr.



ZZA73

Nissan Qashqai Tekna

Dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bíll

Listaverð: 6.750.000 kr.

KJARAVERÐ
7.090.000 kr.



ZYR20

Subaru Outback LUX

Bensín, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bíll

Listaverð: 8.090.000 kr.

KJARAVERÐ
4.090.000 kr.



SDL16 100% rafmagn

Renault ZOE Zen

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bíll

Listaverð: 4.850.000 kr.

KJARAVERÐ
4.590.000 kr.



SGN61 100% rafmagn

Nissan Leaf Tekna

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bíll

Listaverð: 5.450.000 kr.

KJARAVERÐ
1.890.000 kr.



MFS21

Dacia Sandero Essential

Bensín, framhjóladrifinn, beinskíptur. Nýr bíll

Listaverð: 2.150.000 kr.

Aukabúnaður fyrir ferðalagið í sumar

Við höfum frábært úrval af aukabúnaði fyrir bílana okkar á sumarverði.



Dverbogar

Fyrir allar gerðir bíla

Verð frá: 45.000 kr.



Hjólafestingar

Fyrir 1 eða 2 hjól

Verð frá: 34.800 kr.



Farangursbox

Stærðir frá 380-480 l

Verð frá: 49.000 kr.



Dráttarkrókur

Með ásetningu

Verð frá: 129.000 kr.

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanessbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL



Portrettmynd ársins, eftir Heiðu Helgadóttur, er af Sif Baldursdóttur.

Ljósmyndarar kynna myndir sínar

Myndir ársins 2019 er árleg sýning Bládaljósmyndarafélags Íslands. Á sýningunni í ár eru 96 myndir frá liðnu ári, sem valdar voru af óháðri dómnefnd úr 836 innsendum myndum íslenskra bládaljósmyndara. Þrjár af þeim ljósmyndurum sem hlutu verðlaun fyrir Mynd ársins 2019 kynna myndir sínar í Ljósmynda-safni Reykjavíkur klukkan 12.10 á morgun, föstudaginn 29. maí.

Þetta eru þau Eggert Jóhannesson sem hlaut verðlaun fyrir umhverfismynd ársins; Heiða Helgadóttir fyrir bestu mynd í flokknum daglegt líf og besta portrettmynd ársins; og Sigtryggur Ari Jóhannsson fyrir fréttamynd ársins.



Eín af myndunum á sýningunni.

Litríkar gellur

Myndlistarsýning verður í Deigluhlunni Akureyri, laugardaginn 30. maí og sunnudaginn 31. maí klukkan 14-17 og síðan 6.-7. júní, klukkan 14-17.

Í hópnum eru átta listamenn sem hittast vikulega og mála saman í bílskúr. Hópurinn kynntist í Listfræðslunni á Akureyri og stofnaði klúbbinn Gellur. Markmið hópsins er að hittast og styðja hvert annað í listsköpuninni og hafa gaman.

Hópurinn velur sér sameiginlegt þema fyrir hverja sýningu, en hver og einn vinnur svo á persónulegan hátt með ólíkri nálgun á viðfangsefnið og útkoman verður skemmtileg blanda. Þema sýningarinnar er litríkar gellur og á sýningunni verða verk af ýmsum toga unnin í akrýl, olíu og með vatnslitum.

Í hópnum eru Anna María, Barbara, Björgvin, Harpa, Jóhanna, Jónína, Kristín og Líney.

Vorum samstíga allan tímann

Arndís Þórarinsdóttir og Hulda Sigrún Bjarnadóttir hljóta Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur. Segjast líta mjög upp til Guðrúnar. Útiloka ekki frekari samvinnu.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Arndís Þórarinsdóttir og Hulda Sigrún Bjarnadóttir hljóta Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur 2020 fyrir handrit sitt að bókinni *Blokkinn* á heimsenda.

Í umsögn dómnefndar um verðlaunahandritið segir meðal annars: „Sagan er grípandi með gamansömum tón. Hún segir frá fjölskyldu sem er vön nútímaþægindum en þarf að segja skilið við sitt hefðbundna líf til að komast í gegnum erfiða tíma. Fjölskyldan verður strandaglópur á eyju þar sem föðuramma barnanna ræður ríkjum. Þar er fámennst samfélag og allir eyjar-skeggjar hafa ákveðnu hlutverki að gegna. Aðflutta fjölskyldan lærir að sætta sig við að búa við þröngan kost.“

Arndís hefur skrifað nokkrar bækur og fyrr á þessu ári kom frá henni ljóðabókin *Innræti*. Hulda hefur skrifað nokkrar unglingabækur á ensku sem bandaríska forlagið Simon & Schuster gaf út, undir höfundarnafninu Rune Michaels. „Ég bjó í útlöndum á þeim tíma. Þetta eru þyngri bækur fyrir eldri lesendahóp, mjög ólíkar *Blokkinni*,“ segir Hulda.

Farsælt samstarf

Spurðar af hverju þær hafi ákveðið að skrifa bók saman segir Hulda: „Við kynntumst fyrir mörgum árum á Rithringnum sáluga, sem var vefsamfélag fyrir skrifandi fólk. Við fórum að kasta á milli okkar texta, aðallega okkur til skemmtunar. *Blokkinn* þróaðist upp úr þessu.“

„Ég er ekki viss um að við höfum trúað því að þetta yrði bók fyrr en hún var komin í hendurnar á okkur!“ segir Arndís. „Í samskrifunum reyndist okkur auðvelt að búa til persónur og samtöl og við höfum leikið okkur með það í gegnum tíðina, en það er meiri áskorun að spinna söguþráð í sameiningu. En samstarfið gekk samt fjarskalega vel – við vorum samstíga allan tímann og lögðum jafnmikið af mörkum.“

Sagan lengi í mótun

Um hugmyndina að söguþráðinum segir Arndís: „Við lásam um samfélag á Alaska þar sem aðstæður hafa þróað eiginlega eins og á



Sigurvegarnir Hulda og Arndís urðu vitanlega óskaplega glaðar að hreppa verðlaunin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

eyjunni – íbúarnir búa allir í einu fjölbýlishúsi. Við þetta bættum við einangrun yfir vetrartímann og fórum svo að íhuga hvaða atburðir væru líklegastir til þess að nýta það söguvið vel. Út frá því varð söguþráðurinn til. En sagan hefur verið nokkuð lengi í mótun hjá okkur.“

„Já, þegar maður skoðar fyrstu uppköst, þá hafa allar persónur tekið miklum breytingum, nema kannski hundurinn, hann Kappi. Og söguþráðurinn átti upphaflega að vera ofureinfaldur, um hund sem hvarf og fannst aftur. Það breyttist örlítið. Eða eiginlega mjög mikið,“ segir Hulda.

„Svo birtist óvænt annar vinkill á þetta eftir að skrifunum lauk, þegar kófið helltist yfir. Þá fékk saga um samfélag sem er einangrað frá umheiminum og persónur sem glata forréttindum sem þær hafa vanist, nokkuð nýja merkingu,“ bætir Arndís við.

Kvöldsaga hjá Huldu

Spurðar um verkaskiptingu við skrifin segir Hulda: „Við gerðum útlínu í byrjun, en þar stóð auðvitað ekki steinn yfir steini þegar frá liðu stundir! Svo skiptumst við á að skrifa í handritinu á hverjum

EN EFTIR Á ÞÁ ER EIGINLEGA ÚTILOKAÐ AÐ ADSKILJA HVOR SKRIFAÐI HVAÐ, ÞVÍ VIÐ HÖFUM BÁÐAR UNNIÐ EITTHVAÐ Í HVERRI EINUSTU MÁLSGREIN.

degi. Þetta var skemmtilegt – það er ótrúlega gaman að koma að handriti fersku á hverjum degi af því hin er búin að gripa einhverja bolta sem maður kastaði, eða hlaupa með sögunna í óvænta og skemmtilega átt. Málið flækist svo kannski í lokin þegar allir þræðir þurfa að passa saman. En eftir á þá er eiginlega útilokað að adskilja hvor skrifaði hvað, því við höfum báðar unnið eitthvað í hverri einustu málsgrein.“

„Svo var það dýrmætt í síðustu yfirferðinni að bókin var kvöldsaga heima hjá Huldu,“ segir Arndís. „Þá lá hún á hleri og fylgdist með því hvaða kaflar féllu helst í kramið og hvað athygli hinna ungu hlustenda flógraði á brott. Þannig gátum við þétt handritið talsvert. Bókin er vonandi góð fjölskyldubók og getur nýst fleirum á þennan hátt – það er skemmtileg tilhugsun að aðrar fjöl-

skyldur lesi hana saman með þessum hætti í ferðalögum sumarsins.“

Mikill heiður

Spurðar um viðbrögðin við verðlauninum segir Arndís: „Við urðum auðvitað óskaplega glaðar. Við höfum vandað okkur og þótti vænt um söguna og það var gaman að fá þarna að heyra að hún hefði ratað til lesenda sem kunnu að meta hana. Það er líka sérstaklega mikils virði að verðlaunin séu kennd við Guðrúnu Helgadóttur. Við litum upp til hennar og hugmyndir okkar um það hvernig góð barnabók skuli vera eru auðvitað mótaðar af því að alast upp með hennar sögupersónum.“

Hulda bætir við: „Já, þetta er mikill heiður því við litum mjög upp til Guðrúnar. Stíll hennar einkennist af virðingu fyrir barninu sem les, sem er nokkuð sem við reynum báðar að hafa í forgrunni í okkar skrifum.“

Verður framhald á samstarfinu? Hulda svarar: „Við höldum eflaust áfram að henda á milli okkar texta. Það verður svo bara að koma í ljós hvort það kemur önnur bók út úr því. En það væri auðvitað gaman, við skemmtum okkur vel við að skrifa *Blokkina*.“

Fyndni allt í kring

BÆKUR

Gæðakonur

★★★★★

Barbara Pym

Þýðing: Elín Guðmundsdóttir

Útgefandi: Uglya

Bláðsiður: 314

Á árunum 1950 til 1961 sendi breska skáldkonan Barbara Pym frá sér nokkrar afbragðsskaldsögur, þar á meðal *Gæðakonur* (Excellent Women), sem kom út árið 1952. Bókin er hennar þekktasta verk og sennilega það besta. Svo féll skáldkonan í gleymsku, engar skaldsögur

komu út. Hún var ekki í tisku lengur. Árið 1977 nefndu skáldið Philip Larkin og David Cecil, lávarður, hana sem einn vanmetnasta rithöfund 20. aldar. Pym varð umtöluð og skaldsögur eftir hana komu aftur á markað, auk þess sem eldri bækur hennar voru endurútgefnar.

Aðalpersónan í *Gæðakonum* er



Mildred Lathbury sem er á fertugsaldri og ógift. Þar liggur meinsemdin, fólk í nánasta umhverfi hennar finnst að breyting verði að eiga sér stað á höfum hennar. Ógift kona getur ekki verið á þægilegum stað í lífinu. Mildred er skyldurækin og skynsöm og laus við að vera kvartsár. Þegar hún eignast nýja nágranna, hjón sem eiga í erfiðleikum í einkalífi, fer

reglusamt líf hennar nokkuð úr skorðum.

Pym er dásamlega myndin höfundur. Fundnin, sem er ismeygileg, er allt í kring í þessari skáldsögu. Þeir sem ná engri tengingu við myndir hennar ættu að leggja bókina frá sér, þeir munu aldrei koma auga á snilldina í frásögninni. Hinir fjölmörgu sem falla fyrir þessari tegund af myndni, munu eiga unaðsstundir við lesturinn. Þetta er bók sem þeir munu lesa oftar en einu sinni á ævinni, og eru reyndar líklegir til að leita uppi aðrar bækur Pym. Þær valda ekki vonbrigðum. Hin snjalla og myndna Pym bregst aldrei.

Persónusköpun hennar er sterk

og lifandi og samtöl eru listavel gerð. Pym er afar athugull höfundur og tekst sérstaklega vel að sýna þverstæður í persónuleika fólks, sem hagar sér oft gegn betri vitund. Hin stórgóða bandaríska skáldkona Anne Tyler sagði að Barbara Pym væri fagætur dýrgripur og bætti við: „Hún vekur athygli okkar á harmþrungnum kjanaskap daglegs lífs.“

Gæðakonur er bók um hversdagslíf og litla atburði sem skipta þó svo miklu máli í lífi þeirra einstaklinga sem þeir snerta.

Kolbrún Bergþórsdóttir

NIÐURSTAÐA: Fundin og vel hugsuð skáldsaga sem unun er að lesa.

SUMARIÐ ER KOMIÐ

Frábært úrval af göngu- og hlaupaskóm



Mammut Ducan
Low GTX men
Verð 27.995,-



Mammut Ducan
Mid GTX men
Verð 30.995,-



Mammut Ducan
High GTX men
Verð 34.995,-



Mammut Ducan
Low GTX women
Verð 27.995,-



Mammut Ducan
Mid GTX women
Verð 30.995,-



Mammut Ducan
High GTX women
Verð 34.995,-



Mammut Nova III
Mid GTX women
Verð 30.995,-



Mammut Kento Guide
High GTX men
Verð 44.995,-



Mammut Kento Guide
High GTX women
Verð 44.995,-



On Cloudventure Men
Shadow / Grape
Verð 26.995,-



Hoka Speedgoat 4 Men
Majolica Blue / Mandarin red
Verð 24.995,-



Mammut Saentis
Knit Low Women
Verð 28.995,-



On Cloudventure Women
Mulberry / White
Verð 26.995,-



Hoka Speedgoat 4 Women
Imperial Blue / Pink Peacock
Verð 24.995,-



Mammut Ultimate Pro
Low GTX Men
Verð 25.995,-



MAMMUT
SWISS 1862



HILLEBERG
THE TENTMAKER



Skeifunni 6 · www.everest.is

LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDS- HLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.



ORKAN



©1984 Dorian S.A. All rights reserved. Permission granted for reproduction in newspapers and periodicals only. Use of this photograph in any other manner, including but not limited to publication in books, magazines, brochures, or in connection with the sale or advertising of products or of any other product or service, is prohibited without the written permission of the copyright proprietor.

"A VIEW TO A KILL"
from
MGM/UA Entertainment Co.

VK-3 As May Day (GRACE JONES) holds Stacey Sutton (TANYA ROBERTS) and 007 (ROGER MOORE) at gunpoint, Max Zorin (CHRISTOPHER WALKEN) amuses himself by describing a twisted plan for murdering his adversaries in "A VIEW TO A KILL."

Roger Moore áttar sig á að hann gæti næstum verið afi Tönju Roberts og að ballið er búið. Christopher Walken og Grace Jones láta sér hins vegar fátt um finnst og bjarga í horn hjá tæplega sextugum James Bond. MYND/GETTY

Roger Moore varð of gamall fyrir Bond fyrir 35 árum

Þegar James Bond myndin A View to a Kill var frumsýnd fyrir 35 árum blasti við að njósnari hennar hátignar var í miðaldra-krísu og Roger Moore orðinn alltof gamall fyrir hlutverkið.

Aðdáendur James Bond og hljómsveitarinnar Duran Duran minntust þess í síðustu viku að þá voru 35 ár liðin frá frumsýningu fjórtándu James Bond-myndarinnar, A View to a Kill. Ágætis tilefni svo sem til að lyfta glösum með hristum og óhrærdum hanastélum, þótt það kunnist að hafa verið með einhverjum trega.

Í fyrsta lagi er myndin almennt talin með þeim allra sístu í nú rúmlega 50 ára gömlum myndabálkinum og hún bar einhvern veginn með sér að Roger Moore var kolfallinn á tíma í aðalhlutverkinu og yfir söguþræðinum sveif dóði andleysis sem Christopher Walken, Grace Jones og vinsælustu hljómsveit þess tíma, Duran Duran, tókst tæplega að breiða yfir.

Walken og Jones fóru engu að síður mikinn í hlutverkum illvirkjanna Max Zorin og May Day sem var óvenju öflug og sterk kona svona miðað við kvenpersónur Bond-mynda almennt og flóðlýsti um leið hversu gamall og gugginn Moore var orðinn.

Sjálfsagt kom sú staðreynd leikar-



anum sjálfum minnst á óvart en hann er enn elsti maðurinn sem hefur leikið Bond, auk þess sem hann á enn metið yfir fjölda mynda en A View to a Kill varð hans sjöunda og síðasta.

Moore var 57 ára þegar hann lék í myndinni og árin tvö sem höfðu liðið frá Octopussy höfðu greinilega sett mark sitt á hann. Sjálfur sagðist hann hafa ákveðið að láta gott heita þegar hann áttaði sig á því að hann væri eldri en móðir Tönju Roberts sem lék Stacey Sutton, ástarviðfang Bonds í myndinni.

Christopher Walken hafði hins vegar minna en ekkert fyrir að

snara sér í gervi síkópatans Zorin þótt hlutverkið hafi verið skrifað með sjálfan David Bowie í huga. Sá mun hins vegar hafa afþakkað rulluna, þar sem hann „nennti ekki að eyða fimm mánuðum í að horfa á áhættuleikarann sinn falla fram af björgum.“ Samkvæmt annálum höfðu Sting, Mick Jagger og Rutger Hauer einnig hlutverkinu áður en Walken tók það að sér með sínum einstaka stæl.

A View to a Kill varð ekki aðeins svanaöngur Moore í hlutverki Bonds, því titillagið reyndist það síðasta sem Duran Duran kom inn á vinsældalista í háa herrans tíð. Þótt sveitin væri á hátindi frægðar sinnar 1985 voru komnir alvarlegir breistir í samstarf fimmmenninganna og þegar myndbandið við lagið var tekið upp í París var þess vandlega gætt að þeir þyrftu ekki að deila senum og eyða óþarflega miklum tíma saman.

Það breyttir því þó ekki að lagið eldist miklu betur en myndin sjálf og á sjálfsagt sinn þátt í að þrátt fyrir þreytu, gigt og elligliöp er A View to a Kill hjúpuð einhverjum óráðum dýrðarljóma sem hefði aðeins getað orðið til í eitísinu. toti@frettabladid.is

Lagið sem varð betra en myndin

Þótt súpergrúpan Duran Duran væri að gliðna í sundur undan ofsafengnum vinsældum og útblásnum egóum meðlima hennar, þóttust fimmmenningarnir hafa himin höndum tekið þegar þeir fengu að semja titillag A View to a Kill.

Söngvaranum Simon Le Bon og bassaleikaranum John Taylor hafði orðið tíðrætt um aðdáun sína á James Bond og ljúfar bernskuminnningar tengdar Thunderball, From Russia with Love og Goldfinger.

John Taylor er svo skuldlaust eignaður heiðurinn af því að Duran



Duran náði Bond með stærilátum Johns Taylor. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Duran fékk tækifæri til þess að slá enn einu sinni í gegn með fulltingi 007, en hann mun hafa verið vel við skál í samkvæmi í Lundúnum þegar hann sveif á Albert R. Broccoli, framleiðanda Bond-myndanna, og spurði hvenær hann ætlaði aftur að bjóða upp á almennilegt titillag.

Broccoli tók bassaleikarann á orðinu þannig að sjálfur Elton John missti þarna af Bond-lestinni og þvingað samstarf Duran-drengjanna við John Barry, hirðtónskáld myndabálksins, skilaði einu besta titillaginu við eina sístu Bond-myndina. – þþ

EITTHVAÐ FYRIR ALLA Í NETTÓ!

Lambaframhryggjasneiðar
Piparmix - Kjarnafæði

1.959 KR/KG
ÁÐUR: 2.799 KR/KG

-30%



-32%

Kjúklingabringur
Grillmarineraðar
Ísfugl

1.971 KR/KG
ÁÐUR: 2.899 KR/KG

-30%



Lambasirloin
Heiðakryddað
Kjarnafæði

1.539 KR/KG
ÁÐUR: 2.199 KR/KG



-20%

KJÖTBORD

Nautalund

4.799 KR/KG
ÁÐUR: 5.999 KR/KG

-28%



Vínarpylsur
10 stk

395 KR/PK
ÁÐUR: 549 KR/PK

25% AFSLÁTTUR AF
NOW VÍTAMÍNUM!

Heilsuvara
vikunnar!
★★★



-25%

SAFARÍKAR SNEIÐAR
Á GRILLIÐ UM HELGINA!

Grill grísakótilettur

1.139 KR/KG
ÁÐUR: 1.899 KR/KG

-40%



KJÖTSEL

Vatnsmelóna

230 KR/KG
ÁÐUR: 329 KR/KG

-30%



-19%

Hamborgarar
4x90 gr m/brauði


808 KR/PK
ÁÐUR: 998 KR/PK

KJÖTSEL



nettó

Lægra verð - léttari innkaup




VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 28. maí - 1. júní

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




Tónleikatvenna á RÚV í kvöld



kl. 20 – Beint úr Hörpu á RÚV

Páll Óskar Hjálmtýsson, ein skærasta poppstjarna Íslands um áratugaskeið, flytur mörg af sínum þekktustu lögum ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Bjarna Frímanna Bjarnasonar.



Kl. 20 - Beint úr Hljómahöll á RÚV 2

Lokaviðburður í tónleikaröðinni Látum okkur streyma. Auður hefur notið mikilla vinsælda síðustu ár og hlaut m.a. Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir popplag ársins og var valinn söngvari og flytjandi ársins.

Fimmtudagur

HRINGBRAUT

20.00 Tilveran Þáttur um sál-gæslu og mannrækt í samfélagi nútímans.
20.30 Lífið er lag Þáttur um mál-efni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri árunna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
21.00 21 - Fréttabáttur á þriðju-degi Upplýsandi umræðu- og fréttaskýringabáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendrar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Bærinn minn Sagt frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Enn ein stöðin
09.35 Úr Gullkistu RÚV: Út og suður
09.55 Popppunktur 2010
10.50 Tilraunin – Fyrri hluti
11.35 Kastljós
11.50 Menningin
12.00 Basl er búskapur
12.30 Landinn 2010–2011
13.00 Gettu betur 2002
14.15 Ahmed og Team Physix
14.30 Skólahreysti
15.35 Tiundi áratugurinn
16.20 Djók í Reykjavík
16.50 Tákn málsfréttir
17.00 Skólahreysti
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Nýi skólinn
18.14 Fjölskyldukagginn
18.36 Maturinn minn
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Sinfóníuhljómsveit Íslands í beinni útsendingu Sinfóníuhljómsveit Íslands kemur saman á ný og heldur ferna tónleika fyrir landsmenn í beinni sjónvarpsútsendingu á RÚV. Hún hefur fengið til liðs við sig nokkra af fremstu listamönnum landsins. Einsöngvarar og einleikarar eru þau Hallveig Rúnarsdóttir, Páll Óskar Hjálmtýsson og Víkingur Heiðar Ólafsson. Hljómsveitarstjórar eru Bjarni Frímann Bjarnason og Daniel Bjarnason.
21.00 Sjö hliðar sannleikans Áströlsk spennubáttaröð í sex hlutum um sjö ára dreng sem er rænt úr skólanum en skilað heim til sín heilum á húfi. Í kjölfarið hefst lögreglurannsókn sem hringir af stað óútreiknanlegri atburðarás. Aðalhlutverk: Alex Dimitriades, Leeanna Walsman og Xavier Samuel. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Útrás
22.55 Ósýnilegar hetjur
23.40 Á hælum morðingja
00.40 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.55 Presidents Cup 2019
14.25 Feherty
15.10 PGA Tour 2018 Special: Stories from PGA Tour
15.55 Einvigið: Woods vs. Mickelson
19.30 PGA: The 9
19.50 2019 Augusta Masters

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.14 The Late Late Show
12.54 The Bachelor
14.16 Black-ish
14.38 The Block
16.05 Malcolm in the Middle
16.25 Everybody Loves Raymond
16.50 The King of Queens
17.10 How I Met Your Mother
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 American Housewife
19.30 The Unicorn
20.00 Læknirinn í Frakklandi
20.30 9-1-1
21.20 The Resident
22.05 Agents of S.H.I.E.L.D.
22.50 The Late Late Show
23.35 FBI
00.20 Bull
01.05 Madam Secretary
01.50 Law and Order: Special Victims Unit
02.35 Ray Donovan
03.30 The Walking Dead
04.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útlit UngRÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Heilinn hans afa
20.00 Sinfóníuhljómsveit Íslands í beinni: Páll Óskar og Sinfó
21.00 Mannlegi þátturinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.00 Trumbo
12.00 Jumanji
13.45 Sleepless in Seattle
15.25 Trumbo
17.25 Jumanji
19.10 Sleepless in Seattle
21.00 Wedding Crashers
22.55 Ready Player One
01.15 Adult Life Skills
02.45 Wedding Crashers

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.20 Masterchef USA
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.10 Curb Your Enthusiasm
10.45 Major Crimes
11.25 Divorce
11.55 Friends
12.20 Besti vinur mannsins
12.35 Nágrannar
12.55 The Borrowers
14.20 The Trip to Spain
16.05 War on Plastic with Hugh and A
17.05 Friends
17.25 Bold and the Beautiful
17.50 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.10 BBQ kóngurinn Glænýir og brakandi ferskir grillþættir þar sem Alfreð Fannar Björnsson sýnir okkur heitustu grillréttina fyrir sumarið. Í sínu náttúrulega umhverfi eða á pallinum heima hjá honum í Grindavík ætlar hann að reiða fram rjúkandi góðar og gírni-legalar grillveislur með ómótstæðilegu meðlæti sem svikja engan!
19.35 Love in the Wild
20.25 Magnum P.I.
21.10 S.W.A.T
21.55 The Blacklist
22.40 Ástriður
23.10 Real Time With Bill Maher
00.15 Gasmamman
01.00 Killing Eve
01.50 Prodigal Son
02.35 Nashville
03.15 Nashville
04.00 Nashville

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Dóra könnuður
08.20 Mæja býfluga
08.35 Áfram Diego, áfram!
08.55 Svampur Sveinsson
09.20 Stóri og Litli
09.30 Strumparnir
09.55 Skoppa og Skritla á póstkorti um Ísland
10.05 Ævintýraferðin
10.20 Zigby

18.25 Grami Göldrótti
20.00 Friends
20.20 Friends
20.50 Modern Family
21.10 Supergirl
22.00 Réttur
22.50 Deadwater Fell
23.45 Batwoman
00.25 Friends
00.50 Friends
01.10 Modern Family

STÖÐ 2 SPORT

07.30 Heimsleikarnir í Crossfit
12.10 Sportið í dag
13.15 Pepsi Max - Upphitun
14.30 Thomas Partey
15.00 Sportið í dag
16.00 Dómarinn að störfum
16.30 Inside Serie A Special
16.55 Martin Hermannsson
17.30 KR - Stjarnan
19.10 Norðurlöndin
19.35 Guðjón Þórðarson
20.25 Sergio Garcia: 2016 AT&T Byron Nelson
20.30 Crystal Palace - Manchester United 94/95
21.00 Stjarnan - KR 19.4.11
21.35 Þór Þ - Grindavík 2.5.12
22.15 Fram - Stjarnan

Hamborgara kartöflubrauð



Michelin-stjörnu kokkurinn
Agnar Sverrisson segir
Íslendinga eiga eftir að
elska þetta nýja brauð fyrir
hamborgarann

Nújung!

Heimsborgarinn og Michelin-stjörnu kokkurinn segir **nýja kartöflubrauðið** frá Myllunni besta brauðið fyrir hamborgarann!

Agnar Sverrisson, Michelin-stjörnu kokkur og heimsborgari, segir það „töfra að baka svona akkúrat þétt og mjúkt hamborgarabrauð - eina rétta brauðið fyrir góðan hamborgara. Íslendingar eiga eftir að elska þetta brauð frá Myllunni. Ánægjulegt að eiginleikar íslensku kartöflunnar komi við sögu.“

Þéttari og mýkri hamborgarabrauð!

Gerðu hamborgarann meira djúsi.
PRÓFAÐU nýja hamborgarakartöflubrauðið
frá Myllunni strax í dag.



Skannaðu QR kóðan
og lestu um leyndarmálið
bakvið þéttleikann
og mýktina í brauðinu



Veldu
íslenskt

Myllan skapar störf, nýtir
íslenskt hráefni og stuðlar að
matvælaöryggi í landinu. Nýja brauðið er þróað
á Íslandi, bakað á Íslandi og innheldur íslenskar
kartöflur. Sköpum nýjar vörur. Sköpum ný störf.
Veldu íslenska framleiðslu.



Alltaf nýbakað
síðan 1959

Skoðaðu myllan.is

Barnamenning er menning okkar allra

Barnamenningarhátíð fer fram með breyttu sniði í ár vegna COVID-19, en verður þó engu að síður vegleg. **Harpa Rut**, einn verkefnastjóra hátíðarinnar, segir mikilvægt að börn fái að upplifa metnaðarfulla menningarviðburði.

Barnamenningarhátíð stendur nú yfir en hún hófst í maí. Hátíðin var fyrst haldin í Reykjavík árið 2010 og átti til að byrja með að vera annað hvert ár.

„Það kom hins vegar fljótt í ljós að hátíðin fyllti í tómt sem þurfti að fylla. Hún veitir vettvang fyrir listafólk sem skapar fyrir börn og með börnum og á henni er börnum og þeirra sköpunarverkum sýnd einstök virðing. Það hefur komið fram í viðhorfskönnunum að þetta er hátíð sem er borgarbúum mjög kær,“ segir Harpa Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri hátíðarinnar.

Datt í lukkupottinn

En hvað er eiginlega barnamenning?

„Barnamenningu er jafnan skipt í þrennt: menningu fyrir börn, með börnum og skapaða af börnum. Mögulega ætti ekki að þurfa að skilgreina hana sérstaklega því að hún er hluti af menningu hvers lands og er því auðvitað líka hluti af menningu menning almennt,“ segir hún.

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að taka fullan þátt í menningar- og listalífi.

„Við tökum þetta alvarlega og viljum að öll börn fái að upplifa tækifæri til þátttöku og upplifana á metnaðarfullum menningarviðburðum um leið og við viljum sýna framlagi barna til menningar borgarinnar þá virðingu sem hún verðskuldar.“

Harpa hefur komið að skipulagningu hátíðarinnar síðan 2014.

„Mér finnst ég hafa dottið í djúpan og dásamlegan lukkupott að fá þetta verkefni í hendurnar. Það eru endalausir möguleikar og tækifæri í skipulagi þessarar hátíðar og það sem er magnað við



„Mér finnst ég hafa dottið í djúpan og dásamlegan lukkupott að hafa fengið þetta verkefni,“ segir Harpa.



Frá sýningunni á Kjarvalsstöðum. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

lífið í heimi barnamenningar á Íslandi er að það vinna allir fallega saman. Ég upplifi ekki samkeppni í þessum heimi. Það skiptir öllu að gefa ekki afslátt af gæðum af því að þetta eru „bara börn“ eins og maður heyrir stundum. Börn eru fullgildar manneskjur sem njóta listviðburða af innlifun en finna líka fljótt ef það er talað niður til þeirra eða af vanvirðingu,“ segir hún.

Hafa sterka sýn

Núna stendur sem hæst samsýning á Kjarvalsstöðum.

„Það eru nokkrar sýningar sem allar eiga það sameiginlegt að fjalla um tengsl manns og náttúru. Þær

BÖRN ERU PÓLÍTIK OG KLÁR OG ÞAU HAFU STERKA SÝN Á ÞAD Í HVERNIG HEIMI ÞAU VILJA BÚA.

eru afrakstur vinnu sem hófst síðastliðið haust á menntastofnunum í Reykjavík undir yfirskriftinni LÁN – listrænt ákall til náttúrunnar. Börn hafa fengið listafólk í heimssókn og það er töfrum líkast hvers þau eru megnug.

Þessi sýning er í raun nokkuð pólitísk og börnin tjá sig um það í hvernig heimi þau vilja búa, eða ekki búa í. Jörðin og málefni náttúrunnar eru mál sem liggja börnum á hjarta og á þessari sýningu útfæra þau sína sýn með listrænum hætti. Það er svo af virðingu við börnin að sýningin er sett upp af fagfólki á virðulegum menningarstofnunum eins og þessum.“

Sá heiður féll Daða Frey, vinsælasta manni landsins um þessar mundir, í skaut að semja lag Barnamenningarhátíðarinnar í ár. Lagið heitir Hvernig væri það?

„Hugmyndir barnanna koma líka sterklega fram í lagi hátíðarinnar sem við fengum Daða Frey til að semja fyrir okkur út frá hugmyndum barna um í hvernig heimi þau vilja búa. Börn eru pólitísk og klár og þau hafa sterka sýn á það í hvernig heimi þau vilja búa. Textinn nær algerlega kjarnanum í hugmyndum krakkanna og segir mikið um í hvernig heimi börnin vilja búa,“ segir Harpa.

steingerdur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐID

Meira á frettabladid.is

100% rafmagn nú í langtímaleigu

Verð á Ampera-e Premium:

119.900 kr. mán.

423 km. drægni samkvæmt WLTP staðli

Kynntu þér kosti langtímaleigu á sixtlangtímaleiga.is – hafðu samband við viðskiptastjóra Sixt í síma 540 2222 eða á vidskiptastjori@sixt.is

Innifalið í langtímaleigu:

- Þjónustuskoðanir
- Hefðbundið viðhald
- Tryggingar og gjöld
- Dekk og dekkjaskipti



SIXT
langtímaleiga

sixtlangtímaleiga.is



KOMBÓ TILBOÐ

28. MAÍ - 7. JÚNÍ



1.190
KRÓNUR

DÚ GETUR
PANTAÐ Á
GRILL66.IS
OG SÓTT Á
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐINU

90 G HAMBORGARI - EKKI ER
HÆGT AÐ STÆKKA TILBOÐIÐ

EL RENO

FRANSKAR + COKE 0,5 L + EITT SETT

ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
NORÐLINGAHOLTÍ

MOSFELLSBÆ
AKRANESI
BORGARNESI

SKAGASTRÖND
VARMHLÍÐ
SIGLUFIRÐI

ÓLAFSFIÐI
DALVÍK
HÚSAVÍK

REYÐARFIÐI
NESKAUPSTAÐ
HELLU
SELFOSSI

GRILL66.IS

VIÐ ERUM Á OLÍS



Pylsupartí í Kvikk!

Pylsur og gos á
einstöku tilboðsverði



Pylsa + gos
649 kr.



Tvær pylsur + gos
799 kr.



Kvikk
ON THE GO

ORKAN



Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu leggur mikla áherslu á trúboð og sendir trúboða sína út tvo og tvo saman. Tyler Loutzenhiser og Alex Hansen, 18 og 20 ára, eru rúmlega hálfnaðir með tveggja ára trúboð sitt hérna.

Mormónar boða trú á rafrænum guðs vegum

Trúboðar Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu eru hættir að ganga í hús og boða fagnaðarerindið á samfélagsmiðlum þar til svo gott sem öll hætta á COVID-smíti verður úr sögunni.

CCOVID-19 hefur breytt starfi okkar svölitið vegna þess að við getum ekki lengur gengið í hús og reynt að ná sambandi við fólk með því að banka upp á,“ segir öldungur Alex Hansen, sem sinnir nú trúboði fyrir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu á samfélagsmiðlum.

„Ég var ekki mjög ánægður með að við gætum ekki gert þetta eins og við höfum alltaf gert,“ segir Alex, sem var þó fljótur að sjá stafrænt ljósið. „Við byrjuðum að reyna að ná sambandi við fólk á Facebook og erum núna að kenna fleiri Íslendingum en við gerðum áður en við byrjuðum að nota Facebook.“

Alex bendir á að stafrænt trúboðið spari þeim vitaskuld sporin auk þess sem þannig geti trúin flutt fjöll fyrirhafnarlaust landshluta á milli. „Ég er sjálfur á Selfossi en það eru til dæmis trúboðar á Akureyri, í Reykjavík og Kópavogi og við getum náð sambandi við fólk hvar sem er á landinu. Eitthvað sem við gátum ekki þegar við vorum fótgangandi á sérstökum svæðum.“

Lítið um hurðaskelli

Alex segir trúboðinu ekki beint að sérstökum markhópum og trúboðarnir reyni aðeins fyrst og fremst að finna fólk sem er móttækilegt fyrir boðskap þeirra. „Við reynum að finna fólk á okkar svæði en samt get ég alveg kennt einhverjum sem býr á Akureyri þótt ég sé sjálfur á Selfossi. Við getum, eins og ég segi, teygt okkur svona út um landið.“

Nú nenna ekki allir að tala við ykkur og ætla mátti að það sé jafnvel auðveldara að losna við ykkur á netinu en að skella hurðinni framan í ykkur. Hvernig gengur þetta fyrir sig?

„Það gerist stundum, en það er samt líka fólk sem vill tala,“ segir Alex og hlær um leið og hann bendir á að hurðaskellir séu fátíðari

Áhersla á trúboð

Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, einnig þekkt sem mormónakirkjan, var stofnuð á fyrri hluta 19. aldar í Bandaríkjunum. Kirkjan hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á trúboð.

Trúboðar eru kallaðir til að starfa í 18 mánuði og upp í tvö ár og gera það á eigin kostnað. Verðandi trúboðar geta þurft að þjóna hvar sem er í heiminum og þurfa oft að læra nýtt tungumál. Fyrir utan svo sem tveggja mánaða þjálfun í tungumálanámi fá trúboðar litla beina þjálfun áður en þeir fara til þjónustunnar. Þekkingu sína hafa þeir í flestum tilvikum öðlast á heimilum. Trúboðarnir kenna bæði úr Bibliunni og úr Mormónsbók. Heimild: Wikipedia

en margan grunar og fólk afþakki guðsorðið oftast kurteislega.

„Yfirleitt er fólk mjög vingjarnlegt og Íslendingar eru mjög vingjarnlegt fólk og þetta gengur bara mjög vel. Við sendum bara SMS eða spjallskilaboð og sendum fólk ritningarvers sem geta kannski lyft því upp ef það tekur á móti þeim eða bara sagt „nei, takk“ og það er mjög skilvirkt.“

Bankar ekki í bráð

Þegar trúboðarnir komast inn fyrir þröskuldinn með SMS-um eða Facebook-skilaboðum getur samtalið haldið áfram eftir ýmsum rafrænum. „Við notum myndspjall á Facebook, Zoom eða Skype eða bara símann,“ segir Alex og bætir aðspurður við að hann telji fólk almennt ekki upplifa hann og félagans ágangi í trúboðinu.

„Nei, það er ekkert vandamál og þetta er mjög einföld nálgun. Ég er bara trúboði og er að deila sérstökum boðskap Jesú Krists. Vilt

þú heyra hann? Þetta er mjög auðvelt og einfalt,“ segir Alex og lætur fljóta með að hann og hans fólk sé ekki væntanlegt inn á gafl hjá fólk á næstunni.

Alex segir Kirkju hinna Síðari daga heilögu taka smitvarnir mjög alvarlega og að þau leggi sig fram um að fara til hins ítrasta eftir íslenskum lögum, reglum og sóttvarnaleiðbeiningum.

„Við bönkum ekki upp á í bráð. Við ætlum að halda áfram að nota bara samfélagsmiðla þangað til að hætta verður svo gott sem gengin yfir. Við viljum gera okkar besta til þess að fara eftir íslenskum reglum og jafnvel þótt slakað hafi verið á tveggja metra reglunni viljum við vera viss um að fólk sé öruggt.“

Ísland spennandi

„Þegar COVID er búð notum við svo Facebook áfram en fórum líka aftur að hitta fólk augliti til auglitis,“ segir Alex, sem hefur haft trúna sem haldreiði á erfiðum og breyttum tímum.

Hann segir það hafa reynt á þegar samkomuhald lagðist af úti um allan heim. Tugþúsundir trúboða eru dreifðir út um víða heild. „Þá komum við saman á Zoom og komumst saman í gegnum þetta með því að deila reynslu okkar og lærdómi en nánast allir trúboðarnir voru kallaðir heim vegna öryggisráðstafana í hverju landi fyrir sig.“

Alex er tvítugur Bandaríkjamatur og hefur dvalið á Íslandi í tæpt eitt og hálf ár. „Við erum nú hérna á Íslandi eins og er. Sjó öldungar og tvær systur,“ segir Alex sem hafði ekki hugmynd um að trúboð væri stundað á Íslandi þegar hann sótti um hjá kirkjunni.

„Okkur er sagt hvert við eigum að fara og ég var sendur til Íslands. Ég var mjög spenntur fyrir því og þetta hefur líklega verið mín besta lífsreynsla hingað til,“ segir öldungurinn ungi um trúboð á tímum COVID-veirunnar á Íslandi.

toti@frettabladid.is

Milwaukee® ALVÖRU VERKFAERI

Á ALVÖRU TILBOÐUM
TIL 19. JÚNÍ 2020
KAUPAUKAR
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



Skrúfjárnasett

12 stk í tösku

Vnr. MW 4932472003

Tilboð 6.990 kr.
Áður 9.990 kr.



M12 FUEL Borvél 32nm

CBLPD-422C

Nett borvél 32Nm með höggi.
Með 2x2.0Ah, hleðslutæki og tösku.

Vnr. MW 4933441940 / MW 4933446045

Tilboð 29.900 kr.
Áður 35.900 kr.

Kaupauki:
MILWAUKEE
BOLUR



M18 FUEL Borvél 60nm

CBLPD-422C

Borvél 60Nm með höggi.
Með 1x2.0Ah, 1x4.0Ah rafhlöðum,
hleðslutæki og tösku.

Vnr. MW 4933472116

Tilboð 49.900 kr.
Áður 59.900 kr.

Kaupauki:
MILWAUKEE
BOLUR



M12 FUEL Verkfærasett

BPP5A-423B

Sett með borvél 37Nm, höggskrúfvél
112Nm, fjölnotavél, sverðsög, 120lm
LED ljós. Með 2x2.0Ah rafhlöðum,
1x4.0 Ah rafhl. og hleðslut. og tösku.

Vnr. MW 4933471285

Tilboð 79.900 kr.
Áður 96.900 kr.

Kaupauki:
MILWAUKEE
PEYSA

M18 FUEL Alvöru verkfærasett

FPP4F2-502B

Borvél 135Nm, höggskrúfvél
226Nm, stingsög, fjölnotavél,
5m málband, 2x5.0Ah rafhlöður,
hleðslutæki og taska.

Vnr. MW 4933471208

Tilboð 159.900 kr.
Áður 189.900 kr.

Kaupauki:
BLUETOOTH
HEYRNATÓL
og PEYSA



Bitasett 48 stk.

Ásamt bitaborum

Bitasett með öllum helstu
bitunum, bitaborum, segul-
toppum og framlengningum.

Vnr. MW 4932430906

Tilboð 6.490 kr.
Áður 9.990 kr.



HAPPDRÆTTI

Verslaðu Milwaukee vöru dagana
28. maí-19. júní og þú ferð í pott.
Stórglæsilegir vinningar!
3 heppnir geta unnið glæsilegt
Milwaukee reiðhjól.



M12 Borvél og höggskrúfvél

BPP2F-152C

Sett með borvél 32Nm og
höggskrúfvél ásamt 2x1,5Ah
rafhlöðum, hleðslutæki og tösku.

Vnr. MW 4933459387

Tilboð 39.900 kr.
Áður 49.900 kr.

Kaupauki:
MILWAUKEE
PEYSA



M18 FUEL Borvél og slípirokkur

ONEPP2C2-503X

Sett með M18 borvél 135Nm og
slípirokkur 125mm. Með 3x5.0Ah
rafhlöðum og hleðslutæki.
Tvær HD töskur.

Vnr. MW 4933464832

Tilboð 107.900 kr.
Áður 134.900 kr.

Kaupauki:
BLUETOOTH
HEYRNATÓL
og PEYSA

VERKFÆRA SALAN

Sjáðu öll
tilboðin á
ufs.is

BAKÞANKAR

Kolbeins
Marteinssonar



Framboð án eftirspurnar

Lögmál hins frjálsa markaðar um framboð og eftirspurn er meðal þess sem mótar líf okkar sem lifum í frjálsum vest-rænum markaðssamfélögum. Sú skipan hefur reynst vel og tryggt framþróun og aukin lífsgæði, en best hefur hún nýst til að stjórna verðmyndun á frjálsum og opnum markaði. Lögmálið á ekki bara við um vörur heldur á það líka við um fólk og þannig upplifum við það strax í leik- og barnaskóla hvernig sum börn eru vinsælli en önnur. Af þessu leiðir að afsumu fólk er meira framboð en eftirspurn og af öðrum er meiri eftirspurn en framboð. Við fáum skýr skilaboð allt lífið um hvernig við stöndum í verðmyndun samfélagsins og flest hógum við okkur í samræmi við þessi skilaboð.

Hvergi er þetta lögmál þó skýrara og miskunnarlausara en þegar fólk býður sig fram í kosningum, enda er slík hegðun kölluð framboð og kosningarnar notaðar til að mæla eftirspurnina. Þar kemur hún líka fram á eins skýran hátt og mögulegt er, því annaðhvort er eftirspurn eftir framboði eða ekki. Því er mér óskiljanlegt af hverju sumir fara í framboð þrátt fyrir að þeir hafi reglulega fengið skilaboð um að eftirspurn eftir þeim sé sama og engin. Er þetta þrjóska eða óbilandi bjartsýni?

Það er jafnvel til fólk sem leggur slíkt endurtekið á sig, þrátt fyrir skýr skilaboð kjósenda um að engin eftirspurn sé eftir króftum þess. Frambjóðendum sem hefur verið hafnað í kosningum til Alþingis, í prófkjörum og víðar finnst samt eðlilegt að bjóða sig fram til ædstu embætta þjóðarinnar. Lýðræðið er grundvöllur frjálsra samfélaga en það má hins vegar ekki gengisfella það með offramboði án eftirspurnar.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

COLLAB
ÁSTARALDIN & LÍMÓNU 330 ML
249
KR/STK
756 KR/L



Kvikk
ON THE GO



BYKO

Nýtt framkvæmda blað á byko.is



Nýtt í
BYKO



GROHE

Tilboð

Lineare
Handlaugartæki,
krómað
17.995
15323106
Almennt verð: 27.995
Þú sparar:
10.000

36%

30%
afsláttur
af öllum
borðplötum

25%
afsláttur
af öllum
ljósum



Tilboð

Steelworks eik
10mm, 157x628mm.
Hörkustuðull AC4
3.428 kr./m²
0113662
Almennt verð: 4.290kr./m²

20%

25%
afsláttur
af öllum
flísum

25%

GROHE

Tilboð

Start Edge
Eldhústæki,
krómað
11.995
15331369
Almennt verð: 15.995

Vinnur þú
100.000kr.
inneign í BYKO?

Taktu mynd af rými sem þarfnast yfirhalingar, hvort sem um ræðir baðherbergi, stofu, eldhús eða annað. Settu myndina á Instagram fyrir 17. júní og merktu #bykoheimili20

Soffía Dögg Garðarsdóttir hjá Skreytum hús og Karen Ósk Magnúsdóttir innanhúsráðgjafi verða gestadómamar. Fylgstu með leiknum á www.skreytumhus.is, á facebook síðu BYKO og Instagram



Verslaðu í vefverslun og fáðu
SENT HEIM



Fritt ef verlað er fyrir meira en 20.000kr



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

F furninova

20%
AFSLÁTTUR



PASO DOBLE

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Can ljósgrátt áklæði. Tvær stærðir.

Stærð: 357 x 156/258 x 80 cm

383.992 kr. ~~479.990 kr.~~

Stærð: 386 x 156/258 x 80 cm

399.992 kr. ~~499.990 kr.~~



60%
AFSLÁTTUR

VILE

Einbreiður, flottur svefnsofi. Paprikurautt eða dökkgrátt áklæði. Bogadregið bakstykki sem gefur sóanum sértakt útlit. Tveir samlitir bakpúðar. Stærð: 211 x 87 x 77 cm.

79.996 kr.
~~199.990 kr.~~



35%
AFSLÁTTUR



CU

Einstakt borðstofuborð úr endurunnum álmi. Ofan á borðplötunni eru hnoðaðar koparplötur sem gefa borðinu „vintage“ útlit og mikla endingu. Stærð: 220x100x75 cm

194.944 kr.
~~299.999 kr.~~

DAN FORM

60%
AFSLÁTTUR



DANA

Borðstofustóll, svart PU-leður eða grátt áklæði.

3.196 kr. ~~7.990 kr.~~

42%
AFSLÁTTUR



BATILDA

Borðstofustóll. Svört skel með PU sessu og viðarfótum.

9.854 kr. ~~16.990 kr.~~

50%
AFSLÁTTUR



HUNTINGTON

Borðstofustóll. Svartir stálfætur og ljósgrátt áklæði.

7.995 kr. ~~15.990 kr.~~

60%
AFSLÁTTUR



MERGE

Borðstofustóll. Svart sléttflauel og svartir fætur

13.996 kr. ~~34.990 kr.~~

LA Z BOY® *Live life Comfortably.*

EINSTAKT TÆKIFÆRI

SELJUM SÝNINGAREINTÖK AF LA-Z-BOY STÓLUM
MEÐ SÉRSTÖKUM 30% AFSLÆTTI

UM ER AÐ RÆÐA STÓLA AF STÓRRI HÚSGAGNA-
SÝNINGU SEM TIL STÓÐ AÐ HALDA FYRR
Á ÞESSU ÁRI EN ÞURFTI AÐ AFLÝSA.

EINUNGIS EITT EINTAK AF HVERRI GERÐ OG SUMAR
GERÐIRNAR HAFNA ALDREI FENGIST Á ÍSLANDI ÁÐUR.

– FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR –



65%
AFSLÁTTUR



NISAB

Retro barstóll. Lakkáferð viðar
og smáatriði í hönnun. Með góða
fótahvílu og bólstraða setu.

9.447 kr. -26.990 kr.

40%

AFSLÁTTUR AF SETTI

15% AFSLÁTTUR AF
STÖKUM HLUTUM



AIR

Hægindastóll með skemli frá Conform.
Svart leður, svart eik og svart ál.

203.988 kr. -339.990 kr.

60%
AFSLÁTTUR



DIALMA BROWN 5509

Hægindastóll úr stálgrind og grátt
Quarzum leður.

67.996 kr. -169.990 kr.

30%
AFSLÁTTUR



DIALMA BROWN 4629

Massívur og töff barstóll. 73cm í lægstu
og 90cm í hæstu stöðu.

41.993 kr. -59.990 kr.



ALLIR PÚÐAR

30%
AFSLÁTTUR

LJÓS OG LAMPAR

30-50%
AFSLÁTTUR



VALIN MATARSTELL

40%
AFSLÁTTUR



Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga
www.husgagnahollin.is 558 1100

Ísafjörður
Skeiði 1

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með
fyrirvara um prentvillur. Yfirstríkað
verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 12.
júlí 2019 eða á meðan birgðir endast.



HÚSGAGNA
HÖLLIN